Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félag íslenskra skókaupmanna
# 15. september 1938 til 4. september 1949

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag íslenskra skókaupmanna – Stofnfundur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-14

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fundargerða bók

Fjelags Ísl. Skókaupm.

Reykjavík.

1938 – 1949

Reykjavíkur

412

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 15 September 1938, voru saman komnir að Hotel Borg kl. 8 í kvöldinu, eftirfarandi Skókaupmenn:

Stefán Gunnarsson,
Björgúlfur Stefánsson,
Þórður Pjetursson,
~~Ólafur~~ Óli J. Ólafsson,
~~Gunnar~~ Jensen f.h. Skóversl. Jóns Stefánssonar
Jón Bergsson,

Fundurinn ákvað að stofna fjelagsskap meðal Skókaupmanna og kom fram tillaga um það, að fjelagið skildi hljóta nafnið.

Fjelag Íslenskra Skókaupmanna,

var það einróma samþykt.

Í fjelagsstjórn var stungið uppá: hr. Björgúlfi Stefánssyni sem formanni; Stefáni Gunnarssyni

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjaldkera og Jóni Bergssyni, ritara, var stjórnin þannig kosin samhljóða.

Fundurinn fal stjórninni að undirbúa lög fyrir fjelagið, og leggja þau fyrir næsta fjelagsfund, sem haldinn skyldi vera n. k. fimtudag þ. 22. þ. m.

Stjórninni var einnig falið að bjóða firmunum Lárusi G. Lúðvíkssyni og Hvannbergsbræðrum að gerast fjelagar.

Fundi slitið.

Reykjavík 15 Sept '28.

Jón Bergsson

B. Stefánsson

Stefán Gunnarsson

Föstudaginn h. 23. september, var fundur haldinn í "Fjelagi Ísl. Skókaupm." að "Hótel Borg" kl. 8½ síðd.

Formaður fjelagsins setti fundinn og þakkaði fjelagsmönnum það traust er þeir hefðu sýnt sjer, með því að kjósa sig sem formann fjelagsins.

Þá las ritari fundargerð síðasta fundar, og var samþykt samhlj.

Formaður fjelagsins tók þarnæst til máls, las hann upp lög fjelagsins, sem hjer fara á eftir, voru þau samþykt öll í einu lagi með samhljóða atkvæðum.

Lagði hann fram "stofnskrá" yfir stofnendur "Fjelags Ísl. Skókaupmanna".

Var ákveðið að verslunum eða fyrirtækjum, úti á landi, sem ræki að staðaldri skóverslun, eða hefðu ásamt öðrum atvinnurekstri sínum, sjerdeild með skófatnað.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi var þannig slitið.

Lög fyrir "Fjelag Íslenzkra Skókaupmanna"

1. grein.
Fjelagið heitir "Fjelag Íslenzkra Skókaupmanna.

2. gr.
Heimili fjelagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík og má aldrei breyta þessu ákvæði.

3. gr.
Tilgangur fjelagsins er að efla samvinnu meðal skókaupmanna og stuðla að því að verzlun með skófatnað sje rekin á sem hagkvæmastan hátt fyrir almenning og á heilbrigðum grundvelli.

4. gr.
Tilgangi þessum hyggst fjelagið að ná meðal annars með því, að beitast sjer fyrir því, að sem fjölbreyttast og hagkvæmast úrval af skófatnaði sje jafnan fáanlegt í landinu. Ennfremur vill fjelagið gæta þeirra áhugamála, er snerta þessa sjergrein verzlunar, svo og annað á sviði verzlunar almennt, sem fram kunna að koma og fjelag þetta álítur sig varða.

5. gr.
Fjelagar geta allir orðið sem hafa verzlunarleyfi opna sölubúð og sem verzla eingöngu með skófatnað og skyldar vörur, þar á meðal sokka og annan fótabúnað, eða hefir sjerstaka skófatnaðar deild.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til þess að geta orðið
fjelagi, þarf hann að fá
2/3 hluta greiddra atkvæða
fjelagsmanna, sem á fundi eru.
Þó getur stjórn fjelagsins
samþykkt að taka mann
inn í fjelagið utan fundar
og verður hann þá að fá
sömu atkvæðatölu (2/3) innan
stjórnarinnar.
Hvert firma hefir 1. atkvæði
á fundum.

6 gr.

Ef fjelagi hættir að verzla með
skófatnað í heilt ár, er hann
sjálfkrafa úr fjelaginu.
Fjelagi getur sætt brottrekstri
úr fjelaginu fyrir þessar
sakir:

a Ef hann verður uppvís að
því, að vinna á móti
hagsmunum fjelagsins
eða brýtur lög þess á einhvern hátt er
aðalfundi skildi þykja stórvítavert.

B. Ef hann verður ber að því, að
spilla áliti fjelagsins eða að
vekja tortryggni hjá fjelagsmönnum.

Nú álytur stjórnin að fjelagsmaður
sje rækur úr fjelaginu, skal hún
þá tilkynna honum það skriflega.
Sætti hlutaðeigandi sig ekki við
úrskurð stjórnarinnar, getur
hann skotið máli sínu
til næsta aðalfundar og
þarf 3/4 af greiddum atkvæðum
til þess að samþykkja brottrekstur.
Fjelagi getur sagt sig úr fjelaginu, ef
samþyktir eru gerðar á fundum,
sem hann ~~telur sig~~ ~~getur~~ ~~ekki~~ ~~geta~~ ~~fellt sig~~
~~við~~ ekki telur sig geta fallist
á hagsmuna sinna vegna, og
er hann þá skaðlaus

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

burtvikinn eftir að hann
hefir afhent stjórninni
skriflega úrsögn.

7gr.

Nafnaskrá yfir alla fjelagsmenn
skal jafnan vera til hjá stjórn
fjelagsins. Við inngöngu í
fjelagið skal hver fjelagsmaður
skrifa undir skuldbindingu
um að hann sje háður
samþyktum fjelagsins eins
þær eru eða verða á hverjum
tíma.

8gr.

Inntökugjald í fjelagið eru
Kr. 10,00 er greiðast um leið og
umsókn er send, en hún skal
ávalt vera skrifleg.
Ársstillag hvers fjelaga skal vera
Kr. 20,00 (tuttugu) er greiðast ekki
síðar en fyrir aðalfund.

9gr.

Aðalfundur hefir æðsta
vald í fjelagsmálum og gerir
þar ákvarðanir um starfsemi
fjelagsins, sem þörf er á. Hann
skal haldin í september ár
hvert. Aðalfundur er lögmætur
ef helmingur fjelagsmanna mæta.
Verði aðalfundur ekki
lögmætur, skal boða til
nýs aðalfundar innan
viku og er sá fundur
lögmætur hversu fáir sem mæta.
Aukafund getur fjelagsstjórnin
boðað til, þegar henni þykir
þess þörf og eins ef fleiri en
tveir menn utan stjórnar
óska þess, enda greina þeir
fundarefni; til aðalfundar
skal boðað með viku
fyrirvara.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr.

Stjórn fjelagsins skal skipuð
3 mönnum kosnum á
aðalfundi til eins árs í
senn, þó þannig að eftir
árið ganga 2 menn úr
stjórninni eftir hlutkesti.
Endurkjósa má í stjórn
svo oft sem vill.
Engan má kjósa í stjórn nema
hann sje fjelagsmaður.
Allir fjelagsmenn eru skyldir
að taka við kosningu
eitt ~~(árstímabil)~~ kjörtímabil, og
annað tímabil sá stjórnarmeðlimur
sem ekki er genginn út úr stjórninni
Þeir einir eru rjettkjörnir
í stjórn, sem við kosningu
fá fullan helming greiddra
atkvæða.
Formaður boðar til stjórnarfunda
og er stjórnarfundur lögmætur
ef tveir stjórnendur eru mættir.
Allar fundargerðir stjórnarinnar
skulu ritaðar í gerðabók og
rita allir viðstaddir stjórnendur
undir þær. Ennfremur kýs
aðalfundur 1. endurskoðanda.

11. gr.

Stjórnin framkvæmir fundar-
ályktanir og annast öll störf
milli funda, leggur fyrir
aðalfund endurskoðaða
reikninga fjelagsins
Ennfremur skal stjórnin
koma fram fyrir hönd
fjelagsins við Gjaldeyris og
Innflutnings nefnd á
meðan ástand það helst,
sem nú ríkir í gjaldeyris og
innflutningsmálum þjóðarinnar,
og ~~gæta~~ gæta þar sjerstaklega
hagsmuna fjelagsins.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. gr.
Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og sjeu að minstakosti 3/4 fundarmanna samþykkir breytingunni. Þegar leggja á fyrir fundi ~~breytingar~~ tillögur um breytingar á lögum fjelagsins, skal þess jafnan getið í fundarboði.
Breytingartillögur þær, sem ekki koma fram fyrir en á fundi þurfa 4/5 greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sje meiri hluti fjelagsstjórnar þeim fylgjandi.

13. gr.
Til þess að leysa fjelagið upp, þarf samþykkt aðalfundar og 3/4 hluta atkvæða viðstaddra fundarmanna. Skal þá sjóður þess, ef

nokkur er, renna til "Styrktar og Sjúkrasjóðs Verzlunarmanna í Reykjavík."

Reykjavík, 23. sept. 38

Skóhlíð Reykjavíkur
[signature] Olason

[signature]
[signature]
[signature]
B. Stefánsson
fh. Jón Stefánsson
[signature]
Skóverslun
Óskar Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 29. September '38. var fundur haldinn að Hótel Borg.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi brjef frá Skógerðinni H.F. Reykjavík, er formaður fjelagsins las fyrir fundinum, og reifaði hann brjefið frá ýmsum hliðum.

"Vjer höfum fallist á ósk gjaldeyris og innflutnings-nefndar, um að selja fyrst um sinn til áramóta, öðrum skóverslunum í Reykjavík, en L.G.L. 35% af framleiðslu vorri, sem er að óbreyttum ástæðum ca 2400 pör af karlmanna og kvenskófatnaði og ca. 1700 pör af hússkóm á mánuði. Hvað viðvíkur "Modelum", verða þau smíðuð eftir reglunum (þ.e. 35%). Um skinna tegundir fer eftir hvað fyrirliggjandi er á hverjum tíma.

Sama verður fyrir fjelag yðar og L.G.L. (varan greiðist við afhendingu, sem ~~fer~~ sennilega fer þar fram einusinni til tvisvar á mánuði, og því í einu lagi. Vér munum ekki taka ábyrgð á endingu né hald skófatnaðarins.

Eftir næstu mánaðamót verður tilbúið 35% af því sem vjer höfum framleitt frá 15. þ.m. til 30. þ.m. og þá vonumst ~~til~~ vjer að geta sýnt yður ný "Modell" og ákveða þær tegundir er framleiða á í október næstkomandi.

Virðingarfyllst
Skógerðin H/F."
(Ko. Lorensen)
sign.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundinum mætti fyrir
hönd Hvannbergsbræðra
hr. fulltr. Frímann ~~Ólafsson~~.
Kom fundinum sjer saman
um að svara ‑ af bragði Skógerðarinnar
þannig að fjelagið geti ekki
gengið að Silkeboðinu eins og
það liggur fyrir, og var
stjórn fjelagsins falið að
svara brjefinu.
Upplýstist það á fundinum
af hr. Frímann Ólafssyni að Gjaldeyris
nefnd hafi ~~(ákveðið~~ neitað sjer ~~að~~ at
~~skifta 35% af framleiðslu Skógerðarinnar til~~
~~[illegible]~~ skókaupmanna
~~[illegible]~~ til skókaupa eftir því
~~Skógerðinni eftir þeim~~
~~[illegible] skókaupmenn hafi~~
~~haft árin 1929-31.~~
innflutningsmagni (skókaupm.)
árin 1929-1931.
Ákveðið var að skrifa
Gjaldeyrisnefnd og Silkegerðinni

að eftir því sem fyrirlagi bætti
þetta ekki úr þeirri þörf að
fá nauðsynlegan skófatnað handa
landsfólkinu, og gæti ~~ekki~~ aldrei
orðið viðunandi lausn, vegna þess
hvað framleiðslan væri einhæf.
Fundi slitið.

Rvík. 28-9-'38

B. Stefánsson    [illegible]

[illegible]

Mánudaginn þ. 3. oktbr
hjelt stjórnin fund
með sjer, um brjef
sem fyrirlá frá Skógerðin
H.F.
Var það að samkomulagi
að áður en brjefinu
yrði endanlega svarað,
að ~~ta~~ ræða við
fulltrúa Verslunarráðs Ísl.
í Gjaldeyris og Innflutningsnefnd.
Fundi slitið.

Rvík 3. okt '38

B. Stefánsson

Jón Bergsteinsson

Stefán Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn þ. 5. október, var stjórn fjelagsins mætt hjá fulltrúa Verslunarráðs Íslands, í Rvík. í Gjaldeyris- og Innflutningsnefnd til þess að ræða við hann, samkv. stjórnarsamþykkt, um það hvað heppilegast væri að gera vegna hins síminnkandi innflutnings, og þá sjerstaklega um kaupstilboð það er fjelaginu hefði borist frá H.f. Skógerðin í Reykjavík.

Gaf fulltrúinn stjórninni þær upplýsingar er hún bað um, auk þess ýms heilræði.
Ákvað því næst stjórnin að boða til fjelagsfundar, sem skyldi haldinn n.k. mánudag þ. 10 þ.m. hjá hr. kaupm. Stefáni Gunnarssyni, Austurstræti.
Fundi slitið.

Reykjavík, 5. okt '38

B. Stefánsson

[illegible]

Stefán Gunnarsson

Mánudaginn 10. október '38 var fundur haldinn í fjelaginu, setti formaður fundinn. Gat hann þess, að stjórnin hefði haft tal af fulltr. Verslunarráðs Íslands í Gjaldeyris- og Innflutningsnefnd, skýrði formaður fundarm. viðræðurnar.

Brjef frá Verslunarráði Íslands, hafði fjelaginu borist, er hjer fer á eftir:

Vjer höfum móttekið brjef yðar dags. 1. okt. þar sem þjer tjáið oss, að stofnað hafi verið Fjelag ísl. skókaupmanna, og að þjer óskið að gerast þátttakandi í Verslunarráði Íslands. Um leið og vjer þökkum yður fyrir þessa tilkynningu, sendum vjer yður eitt eintak af lögum Verslunarráðsins, ásamt 2. atkvæðaseðlum fyrir næstu kosningar.

Jafnframt viljum vjer

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vekja athygli yðar á 5. gr.
laga Verslunarráðsins, þar sem
áskilið er að yður beri að kjósa
2. fulltrúa í Fjelagsráð, og væntum
vjer þess, að sú kosning geti farið
fram hið fyrsta.

Virðingarfyllst
Verslunarráð Íslands,
O. Guðjónsson
[illegible]

Var þarnæst fyrir að kjósa 2. fulltr. í
fjelagsráð Verslunarráðsins og
hlutu kosningu.
Hr. Kaupm. Björgúlfur Stefánsson, og
" " Þórður Pjetursson
Fundurinn fól ritara að svara brjefi Verslunarráðsins
Var ritara falið að tilkynna
Verslunarráðinu kosningu þess.
Endurskoðandi fjelagsins
var kosinn
Hr. Kaupm. Óli J. Ólason,

Fundurinn ræddi ýtarlega kauptilb-
það, er komist hafði frá Skógerðinni h.f.
Var það upplýst á fundinum, að
ógerlegt mundi vera að ganga
að kauptilboði þessu, þar sem að
þau "model" í karmskóm sem
fjelagsmenn eiga kosta, er aðeins
úrgangur og þessvegna óseljanleg
hvað gerð og snið snertir.

Fundurinn fól stjórninni að
skrifa álitsgerð til,
Gjaldeyris og innflutningsnefndar,
og mótmæla þessari ráðstöfun
nefndarinnar, hvað snerta kaup
fjelagsmanna hjá H.F. Skógerðin,
Reykjavík.
Fundi slitið.

B. Stefánsson
Reykjavík 1. 10/10 38
[illegible]
[illegible]

Mánudaginn 17. okt. 1938, kl. 4. e. h.
kom stjórnin saman hjá
formanni fjelagsins, til þess
að semja brjef það til
Gjaldeyris- og innflutningsnefndar,
sem henni hafði áður verið
falið á fundi í fjelaginu.

Brjefið var samið og ákveðið
að senda það, ásamt afriti
til allra nefndarmanna,
næstu daga, var formanni
falið að koma brjefinu til
Gjaldeyrisnefndar, en gjaldkeri
tók að sjer að láta taka
afritin og senda þau.

Umsókn hafði borist um
~~(inntöku)~~ inngöngu í fjelagið,
frá Hr. kaupm. Þorsteini Johnsyni í
Vestmannaeyjum, var hún
samþykt einróma og
firmað fært á Nafnaskrá
fjelagsins. Fleira lá ekki
fyrir.

Reykjavík, 17. okt. '38

B. Stefánsson [signature]

Miðvikudaginn 29 desember '38 kl. 11 f. h.
var fundur settur í skrifstofu hr. kaupm.
Stefáns Gunnarssonar, Austurstræti.
Ritari fjelagsins, setti fundinn og
las upp fundargerð stjórnarinnar
frá 17 október.
Þarnæst lá fyrir kosning formanns
fjelagsins og var kosinn með
samhljóða atkvæðum
Hr. kaupm. Stefán Gunnarsson
Lá þarnæst fyrir að ~~tjáa~~ samþykkja
tvær inntökubeiðnir frá
Verzl. Einars Þorgilssonar og Gunnari Stefánssyni

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og voru umsóknir þessar
samhljóða ~~einróma~~ samþyktar.
Fulltrúa í Verslunarráð
Íslands ~~[illegible]~~ bar þannæst að
kjósa, vegna fráfalls Björgúlfs
Stefánssonar, og var kosinn
Jón Bergsson.

Jón Bergsson, stakk upp á
því að 3 manna nefnd
yrði skipuð til þess að
reyna að hafa áhrif á
úthlutun innflutnings-
leyfa á næsta ári, var
stungið upp á eftirtöldum
félögum:
Óla J. Ólasyni,
Stefáni Gunnarssyni og
Þórði Péturssyni.
voru þeir kosnir í einu hljóði.
Þórður Pétursson, minntist
hins látna ~~félaga~~ félaga,
Þar sem að Stefán Gunnarsson, var kjörinn
formaður félagsins, bar fyrir að kjósa
gjaldkera, kom uppástunga um [illegible] Stefánsson
í það starf, var hann samþ. einróma.

kr. kaupm. (Stefánssonar) Björgólfs Stefánssonar
Fleira lá ekki fyrir fundinum, var
þannæst fundi slitið.

Reykjavík, 29 des. 1938

Stefán Gunnarsson Jón Bergsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimtudaginn, 16 febrúar kl. 4 e.h. var fundur settur í skrifstofu Stefáns Gunnarssonar, hjer í bænum.

Tók hr. kaupm. Bárður Pjetursson til máls og las upp brjef frá Skógerðinni H.F. Rvík og reifaði það.

Urðu nokkrar umræður um mál þetta, þar sem að fjelagsmenn höfðu hver í sínu lagi meðtekið slíkt brjef, þar sem að fjelagsmönnum var gefin kostur á að kaupa 35% af framleiðslu verksmiðjunnar. Fundurinn ályktaði að fela stjórninni að svara brjefinu, í þá leið að fjelagsmenn ~~í þá leið að~~ fjelagsmenn, sæju ekki ástæðu til að svo stöddu að ganga að tilboði Skógerðarinnar.

Ályktaði þar næst fundurinn, að tala við formann Skjaldborgarnefndar. (allir saman). Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundi slitið.

Reykjavík, 16/2 '49

Stefán Gunnarsson [illegible]

Miðvikudaginn 1. mars, var fundur haldinn í skrifstofu Stefáns Gunnarssonar, kaupm. hjer í bæ.

Fyrir fundinum lá til umræðu, breyting á reglugerð, um lokun sölubúða, þar sem stjórn fjelagsins, var boðið til Verslunarráðs Íslands, ásamt stjórnum Kaupmannafjelags hjer í bæ, þessu varðandi.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gat hr. kaupm. Stefán Gunnarsson þess, að fundinum hafi verið stemning fyrir því, að breyta lokunartíma sölubúða þannig:
að verslunum væri lokað á föstudögum kl. 7 e. h. en sumarmánuðina frá 15 maí til 15 september kl. 8 e. h. en laugardaga kl. 1 e. h. alla aðra daga kl. 6 e. h.

Stakk þarnæst, hr. kaupm. Hörður Pjetursson, uppá því, að þessi lokunartími yrði samþykktur óbreyttur, og var sú uppástunga samþ. með öllum samhl. atkv.

Var þarnæst rætt um sölutilboð frá H.F. Skógerðin, hvort að fjelagsmenn skyldu kaupa frá fyrirtæki þessu. Kom tillaga frá Herði Pjeturssyni þannig:

"Fundurinn ályktar, að fela hverjum fyrir sig, að gera þau innkaup hjá H.F. Skógerðinni, sem hann sjái sjer hag í, og að stjórn fjelagsins, svari brjefi Skógerðarinnar H.F. með tilliti til þessa."

Tillaga þessi var samþ. samhljóða.

Þarnæst kom fram tillaga frá hr. Gunnari Jónssyni þannig:

"Fundur haldinn í fjelagi ísl. Skókaupmanna samþykkir,
I) að kaupa ekki skófatnað af innl. Skóverksm. eða af heildsölum, nema að aðilar skuldbindi sig til að selja aðeins fjelagsmönnum Fjelags Ísl. Skók.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.) úti um land, þar sem
fjelagsmenn eru, verði
þeim fyrst boðið að kaupa,
en ef þeir vilja ekki
gera innkaup, er frjálst
að bjóða öðrum á staðnum.

Tillaga þessi var samþ. einróma
og stjórninni falið, að tilkynna
viðkomandi verslunarm. ályktun
fundarins.

Fleira lá ekki fyrir fundinum.
Fundi slitið.

Reykjavík 1. mars '39

Stefán Gunnarsson
f.m.
Jón Bergsson

Mánudaginn 6 mars, var fundur
haldinn í skrifstofu hr. stórkaupm.
Stefáns Gunnarssonar, kl. 4 í bd.

Fyrir fundinum lá brjef frá
Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur,
um lokun sölubúða.
Fundurinn ályktaði að halda
fast við fyrri ákvarðanir
sínar, og að fulltrúar þess, beri
þar fram á sameinuðum
fundi, Stjettarfjelaga Kaupm. í
Reykjavík.

Fundurinn fól ritara að
svara Verslunarmannafj. Rvíkur,
viðvíkjandi brjefi þess, vegna
húsbyggingar fjelagsins.

Fleyra lá ekki fyrir fundinum
fundi slitið

Rvík 8 mars '39

Stefán Gunnarsson
f.m.
Jón

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 21. mars '39, var fundur haldinn í fjelaginu.

Fyrir fundinum lá beiðni frá Reimar Andrjesen Húsavík. Var beiðnin borin upp og samþykt með öllum gr. atkvæðum.

Þar næst lá fyrir fundinum skýrsla formanns. Tilkynti hann að sjer hefði verið tilkynnt, að í ráði væri að stofna "Samband Smásölukaupmanna". Var skírsla þessi rædd, og að lokum samþykt að fjelagið gangi í samband þetta.
Formaður fjelagsins var sjálfkjörinn sem fulltrúi í fjelag þetta, og lá þarnæst fyrir að kjósa annan fulltrúa og varafulltrúa 2.

Sem fyrsti var kosinn hr. Þórður Pjetursson, og varafulltrúar, Jón Eyjólfsson og Óli J. Olason.
Fleira lá ekki fyrir fundinum.
Fundi slitið.

Reykjavík 21. mars '39

[illegible] [illegible]

Fundur haldinn í Fjelagi
ísl. Stórkaupmanna,
fimmtudaginn 16. maí.

Minntist ritari fjelagsins
fráfalls kaupm. Þórðar Pjeturssonar.

Þarnæst las form. fjelagsins
Stefan Gunnarsson, brjef
er fjelaginu hafði borist frá
Verslunarráði Íslands, vegna
ráðstafana um innkaup, vegna
stríðshættu.

Var brjef Verslunarráðsins rætt og
komu fram almennar óskir
um að sækja um innfl. leyfi.

Stefan Gunnarsson, kaupm.
var kosinn fulltrúi í
Fjelagsráð Verslunarráðsins og
Varafulltrúi í ~~Fjelagsráð~~ ...

Fjelagssamband Smásöluverslana.

Brjef barst frá hr. kaupm. Einari
Guðjónssyni, Hverarétt. og var
ritara falið að svara því.
Önnur mál lágu ekki fyrir.
Fundi slitið.

Rvík. 16. maí '39

Stefan Gunnarsson

[illegible]
rit.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur í Fjelagi ísl. Skókaupmanna, var haldinn að Hótel Borg 16 september og var settur af formanni fjelagsins.

Ritari las fundargjörð síðasta fundar, sem var samþykkt.

Þarnæst var gengið til stjórnarkosningar, og gat ritari þess, að í raun og veru væru 2. rjett kjörnir fjelagar í stjórninni, og vitnaði til fjelagslaganna, þar sem að hver fjelagi mætti ekki fara með fleira en eitt atkvæði.

Stungið var uppá Stefáni Gunnarssyni, sem formanni og hlaut hann 4 atkvæði Jón Bergsson 2 atkv. og Óli J. Ólason 1. atkvæði.

Þarnæst var ritari kosinn Óli J. Ólason og gjaldkeri Torfi Jóhannsson.

Björgúlfur Stefánsson, var kjörinn endurskoðandi með lófaklappi.

Fleira mál lágu ekki fyrir, fundi slitið.

Reykjavík, 16. september 1939.

Stefán Gunnarsson   Jón Bergsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 25. sept. 1939 var fundur haldinn í Fjel. ísl. skókaupmanna, að Hótel Borg.

Fundarefni var eftirfarandi bréf Verðlagsnefndar til meðlima fjelagsins:

"Reykjavík 20 sept 1939

Verðlagsnefnd fer þess hjer með á leit við yður, að þér sendið glögga skýrslu um reglur þær, er þér fylgið við álagningu á hinar helstu tegundir skófatnaðar, í heildsölu og eða smásölu. Sé um mismun á álagningu innlends og erlends skófatnaðar að ræða, skal það skýrt. fram tekið.

Ennfremur óskast umsögn yðar um hina innlendu framleiðslu, samkeppnishæfni, bæði hvað verðlag og gæði snertir.

Virðingarfyllst
Verðlagsnefnd
Guðjón F. Teitsson"

Samþykkt var að svara nefndinni með sameiginlegu bréfi; hafði ritari samið uppkast að svari til nefndarinnar, sem hann lagði fyrir fundinn. Eftir nokkrar umræður var ritara falið að ganga endanlega frá bréfinu samkv. þessu uppkasti og láta fjelagsmenn undirskrifa það, og koma því svo til Verðlagsnefndar ásamt afritum til fjelags-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manna í Rvík
Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið.

Reykjavík 25/9 1939

Stefán Gunnarsson  J. Ólason

Þann 8. nóv. 1939 var fundur haldinn í Fél. ísl. skókaupmanna, í skrifstofu Stefáns Gunnarssonar Austurstr. 12. Mættir voru allir félagsmenn í Rvík auk hr. Árna Matthiesen f.h. Vrslun Einars Þorgilssonar Hafnarfirði.
Formaður fél. stýrði fundi:
Frá því að síðasti fundur var haldinn, hafði þar til kjörin nefnd, skrifað Verslunarráði Íslands um álit félagsins á hinni væntanlegu Tollskrá, sem nú liggur fyrir Alþingi og las ritari upp afrit af bréfi þessu.
Á fundinum var tekið fyrir eftirfarandi:
1. Þörf á innflutningi á skófatnaði fyrir síðustu mánuði þessa árs.
Eftir nokkrar umræður, var

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manna í Rvík
Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið.

Reykjavík 25/9 1939

Stefán Gunnarsson J. Ólason

Þann 8. nóv. 1939 var fundur
haldinn í Fél. ísl. skókaupmanna,
í skrifstofu Stefáns Gunnarssonar
Austurstr. 12. Mættir voru allir
félagsmenn í Rvík auk hr. Arna
Matthiesen f.h. Verslun Einars Þorgils-
sonar Hafnarfirði.
Formaður fél. stýrði fundi.
Frá því að síðasti fundur var
haldinn, hafði þar til kjörin
nefnd, skrifað Verslunarráði
Íslands um álit félagsins á
hinni væntanlegu Tollskrá,
sem nú liggur fyrir Alþingi
og las ritari upp afrit af
bréfi þessu.
Á fundinum var tekið fyrir
eftirfarandi:
1. Þörf á innflutningi á skófatnaði
fyrir síðustu mánuði þessa árs.
Eftir nokkrar umræður, var

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveðið að skrifa Gjaldeyrisnefnd og sækja um ca. 8% (af kvóta) leyfi fyrir almennan skófatnað inn fyrir áramót. Var ritara falið að skrifa bréfið og láta alla félagsmenn undirskrifa það áður en sent yrði.

2. Skófatnaðarinnflutningur fyrir árið 1940.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að skrifa Gjaldeyrisnefnd þessu viðvíkjandi. Þar sem tekin væri fram nauðsyn á að hækka innflutningsleyfi á þessari vöru að mun, vegna ýmsra ástæðna, svo sem, gengislækkunar, verðhækkunar vegna ófriðarástands, fólksfjölgunar og aukinnar notkunar á skófatnaði í sveitum o.s.frv. og þótti hóflegt að nefndin áætlaði þennan lit ca. 1200 þús yfir árið ef verðlag erlendis hækkaði ekki enn meir en þegar er orðið. Einnig skyldi taka fram í bréfinu álit það, sem félagið hefir áður samið, um innlenda skóframleiðslu og krefjast þess af nefndinni að hún drægi fremur úr henni en yki, t.d. með því að minka leyfi fyrir efni til skógerðar en auka að sama skapi leyfi fyrir innflutningi á tilbúnum skófatnaði. Ritara falið að semja bréfið og senda það félagsmönnum til undirskriftar.

3. Rætt um að takmarka laus verslun. Ákveðið að láta prenta auglýsingaspjöld um þetta, í samræmi við auglýsingar annara séiverslana, til að setja í búðir félagsmanna. Stjórninni falið að sjá um framkvæmd þess.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Samþykkt að félagsmenn takmarki heimlán á skófatnaði, svo sem unt er, en í þeim tilfellum sem heimlán eigi sér stað, skuli helst eða einungis lána hægrifótarskó.

Fleyra ekki tekið fyrir, fundi slitið

Reykjavík 8/11 1939

Stefán Gunnarsson

Ó. J. Ólason

Laugardaginn 18. nóv. 1939, var fundur haldinn í Fjel. ísl. Skókaupmanna, á skrifstofu Stefáns Gunnarssonar, Austurstr.

Mættir voru á fundinum allir félagsmenn í Rvík og Hafnarfirði, að undanteknum manni frá Skóverslun Jóns Stefánssonar Laugaveg 17.

Formaður stýrði fundi.

Ritari las upp fundargerðir tveggja síðustu funda og voru þær samþyktar.

Því næst skírði Óli J. Ólason frá viðtali við formann gjaldeyrisnefndar viðvíkjandi umsókn félagsins um viðbótarleyfi á þessu ári, hafði nefndin synjað þessari beiðni, í þeirri mynd sem hún kom fram, en að hún mundi taka til at-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugunar umsóknir þær sem berast kynnu, um „forskud" af væntanlegum leyfum næsta árs. Var því næst ákveðið að félagar sæktu hver fyrir sig.

Ritari lagði fram próförk af auglýsinga-spjaldi, um takmörkunum á lánsverslun. Var samþykkt að láta prenta ca. 50 stk á góðan kartón og selja félagsmönnum með kostnaðarverði.

Því næst las ritari upp uppkast af bréfi til gjaldeyris- og innflutningsnefndar, um innflutning á næsta ári. Var það samþykkt með litlum breytingum. Ritara var falið að hreinskrifa bréfið og senda það öllum félagsmönnum, sem til næðist, til undirskriftar. og senda það svo til gjaldeyrisnefndar. Einnig var samþykkt að senda öllum nefndarmönnum, fjármálaráðherra og viðskiptamálaráðherra afrit af bréfi þessu.

Fleyra ekki tekið fyrir og fundi slitið

Rvík 18/11 '39

Stefán [illegible]

[illegible] Ólason
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 15/12 1939
var fundur haldinn í
fél. ísl. skókaupmanna
Á fundinum voru mættir
þeir Stefán Gunnarsson, Jón Bergs.
Torfi Jóhannsson og Ól. J. Ólason

Fundarefni var það, að form.
skýrði frá viðtali við Dr. Odd
Guðjónsson, um væntanlegt
hámarksverð á skófatnaði.
Hafði Dr. Oddur óskað eftir
að fá meiri upplýsingar og
tillögur frá félaginu viðvíkjandi
þessu máli, svo að hann
gæti betur rökstutt tillögur
sínar í verðlagsnefnd.
Samþykkt var að gefa
honum skriflegt álit okkar
sem innifali sem gleggst
ástæður þær, sem félagsmenn

teldu að verðlagsnefnd
yrði að taka til greina
þegar hún ákveði hámarks-
verð á skófatnaði. Fundar-
menn álitu að álagning
á skófatnað mætti ekki
vera lægri en á vefnaðar-
vörum, 50-60% minnst á
almennan skófatnað, en
ekki undir 65-70% á kven-
luxusskó. - Þetta álit er
svo að ýmsu leiti rökstutt
í bréfinu og vísast til þess.
Ritara falið að semja
þetta bréf eftir þeim tillögum
sem fram komu á fundinum
Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið
Rvk. 15/12 1939.

Stefán Gunnarsson
J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 16. jan 1940
var fundur haldinn í Fél.
ísl. Skókaupmanna, í skrif-
stofu Stefans Gunnarssonar
Mættir voru á fundinum
allir félagsmenn í Reykjavík
að undanteknum Óskari Jónssyni.

Formaður setti fundinn.
Ritari las fundargjörð
síðasta fundar og var hún
samþykkt, einnig las ritari
afrit af bréfi félagsins til
Dr. Odds Guðjónssonar um álit
og tillögur félagsins viðvíkjandi
hámarksverði á skófatnaði.
Formaður skýrði einnig frá
samtali sínu við Dr. Odd
um þetta mál og að óvíst
væri að tillaga sú um há-
marksverð, sem meiri hluti
verðlagsnefndar samþykkti í
desember s.l. komi til fram-
kvæmda.

Formaður las bréf frá
Verslunarráði Íslands, þar
sem félagið var minnt á
að kjósa 2 menn í félagsráð
Verslunarráðsins, voru endur-
kosnir þeir
Stefan Gunnarsson form.
og Jón Bergsson

Því næst hóf Óli J. Ólason
máls á því hvort ekki væri
rétt að félagsmenn tækju til
athugunar þá miklu verðhækkun
sem nú þegar væri komin
á skófatnað, þó sérstaklega
gúmmí og hvort ekki
væri rétt, ef samkomulag næðist
að hækka nú þegar að ein-
hverju leyti þær tegundir
sem félagsmenn ættu fyrir-
liggjandi, en sem yrðu mikið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dýrari þegar næstu sendingar koma. Voru menn sammála um þetta mál og var samþykkt að miða þessa hækkun við 40% álagningu á það verð sem vitað væri að þessar vörur kostuðu nú heimkomnar. Komu fundarmenn sér saman um verð á nokkrum algengum tegundum á gúmmískófatnaði, sem flestar verslaninnar hafa einhvað til af, samkvæmt þessari tillögu.

Fleyra gjörðist ekki, fundi slitið

Reykjavík 16/1 40

Stefán Gunnarsson

V. Ólason
ritari

Laugardaginn 20. jan. var fundur haldinn í Fél. ísl. Skókaupmanna á skrifstofu Stefáns Gunnarssonar Austurstr.

Formaður skýrði frá launahækkun þeirri til afgreiðslu- og skrifstofufólks, sem Verslunarmannafél. Reykjavíkur gengist fyrir og leitaði, eftir samþykki okkar félagsins og annara kaupmannafélaga í bænum, um þetta mál. Formaður taldi að eigi væri annað gerlegt en fallast á þessa launauppbót, enda væri hún í samræmi við lög um gengisskráningu og launakjör frá síðasta Alþingi. Fundarmenn voru sammála um að þessi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

launauppbót væri bæði eðlileg og sjálfsögð. Var einróma samþykkt að ganga að þessu og formanni falið að ganga frá þessu máli við Verslunarmannafél. Rvk. samkv. tillögu þeirri er það hafði sent og lá fyrir fundinum. Afrit af tillögunni er í bréfabók félagsins.

Fleyra gjörðist ekki, fundi slitið

Rvk 20/1 1940

S. Gunnarsson

Á. Ólason
ritari

Föstudaginn 9. febr. 1940 var fundur haldinn í Fél. ísl. skókaupmanna, á skrifstofu Stefáns Gunnarsson. Ritari las fundargerðir tveggja síðustu fundar, sem voru samþyktar.

Formaður félagsins skýrði frá því að hann hefði verið kvaddur á fund með formönnum annara kaupmannafélaga á skrifstofu Verslunarráðsins, með þeim dr. Oddi Guðjónssyni & Birni Ólafssyni stórkaupm. Var þar rætt um bresk-íslensku viðskiptanefndina og væntanlegt starf hennar. Var formönnum félaganna fengnar upplýsingar til að láta félagsmenn skrifa undir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Yfirlýsingar þessar voru svohljóðandi:

1. „Vér ~~undirritaðir~~ lýsum því hérmeð yfir, að vér óskum þess að verða aðnjótandi þeirra fríðinda, sem brezka ríkisstjórnin mun veita íslenzkum kaupsýslufyrirtækjum fyrir milligöngu brezk-íslenzku viðskiptanefndarinnar, og skuldbindum oss hér með til þess að hlíta öllum reglum og ákvæðingum, sem greind viðskiptanefnd gefur oss á hverjum tíma."

2. „Til þess að standast kostnað af störfum viðskiptanefndarinnar, samþykkir undirritaður að greiða ½ ‰ (50 aura af hverjum 1000 kr.) af innflutningi mínum og útflutningi, meðan nefndin starfar, þó ekki lengur en ófriðurinn stendur, og sé gjaldið innheimt á sama hátt og útflutnings- og innflutningsgjöld."

Eftir að hafa athugað yfirlýsingar þessar og heyrt þær upplýsingar sem formaður gat gefið í þessu máli frá þeim Dr. Oddi og Birni Ólafssyni, skrifuðu allir fundarmenn undir yfirlýsingar þessar og afhentu þær formanni til frekari fyrirgreiðslu.

Á fundinum voru mættir Stefan Gunnarsson, Jón Bergsson, Björgólfur Stefánsson, Árni Matthiesen og Óli J. Ólason.

Fleira gjörðist ekki, fundi slitið.

Rvík 9/2 1940

Stefán Gunnarsson
form.

Ó. J. Ólason
ritari

Fundur var haldinn í fél. ísl. Skókaupmanna, fimtud. 28/3 1940, á skrifstofu Stefáns Gunnarssonar. Mættir voru á fundinum: Stefán Gunnarsson, Jón Bergsson, Torfi Jóhannsson og Óli J. Ólason. Ritari las fundargerð síðasta fundar, og var hún ~~stað~~ samþykkt.

Formaðurinn lagði fram bréf frá Skógerðin h/f dags. 26/3. þar sem hún býðst til að selja félagsmönnum af framleiðslu sinni. Nokkrar umræður urðu um tilboð þetta, og voru fundarmenn einhuga um að sinna því ekki, en samþykkt var að skrifa Gjaldeyrisnefnd samdægurs, til að reka á eftir úthlutun innfl. leyfanna og ítreka um leið að félagsmenn hafi ekki og muni ekki geta keypt vörur af Skógerðin h/f, og óski því eftir að tillit sé tekið til þess við úthlutun leyfanna. Var ritara falið að skrifa bréfið og koma því áleiðis.

Því næst las ritari upp afrit af bréfi og skýrslum, sem hann hafði samið og sent Gjaldeyrisnefnd um skófatnaðarinnflutning síðustu ára og innlenda iðnaðinn, þar sem sýnt er fram á, með tölum verslunarskýrslna að enginn gjaldeyrissparnaður sé að þessum iðnaði nema síður sé.

Þá skýrði formaður frá aðalfundi félagasambands smásöluverslana, sem haldinn var 27/3 '40.

Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið

Stefán Gunnarsson

Rvík. 28/3 1940

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna þriðjud. 25. júní, á skrifstofu Stefáns Gunnarssonar, Austurstr. 10.

Umræðuefni fundarins var aðallega að reka á eftir gjaldeyrisnefnd að úthluta leyfum fyrir seinni hluta ársins. Töldu fundarmenn þetta sérstaklega nauðsynlegt vegna þess ástands, sem nú er með afgreiðslu á vörum frá Englandi. Fundarmenn töldu einnig að haustúthlutunin yrði að vera, að minnsta kosti 30% hærri en vorúthlutunin, þar sem verð og sendingar-kostnaður hefir hækkað mjög mikið síðan, auk þess sem lítt mögulegt væri nú að fá afgreiðslu frá innlendu verksmiðjunum, svo að gagni komi. Samþykkt var að fela ritara að skrifa nefndinni um þetta mál.

Einnig var rætt um að að óska eftir aukaúthlutun ekki lægri en 20% af vorúthlutuninni, vegna þess hve verð og sendingarkostnaður hafi hækkað mikið frá því að leyfin voru gefin út og þar til þau komu til endskunar. Var ritara falið að skrifa nefndinni sérstaklega um þetta.

Þá var og rætt um að nauðsyn bæri til að reyna að auka félagatölu félagsins og var talið heppilegt að skrifa hlutaeigandi verslunum út um land, skýra þeim frá störfum félagsins o.s.frv.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var ritara falið að
undirbúa þetta mál.

Fleyra gjörðist ekki,
fundi slitið.

Ólafur J. Ólason
Stefán Gunnarsson  ritari

Aðalfundur í fél. ísl. Skókaupmanna
var haldinn að Hótel Borg þ. 19.
sept. 1940. Mættir á fundinum
voru: Stefán Gunnarsson
Gunnar Stefánsson, Torfi Jóhannsson
Þórir Matthíasson, Jón Bergsson
Björgúlfur Stefánsson, og
Óli J. Ólason.

Lesnar fundargerðir beggja
síðustu funda og samþykktar.

Form. las bréf frá frú Ingu
Lárusson, þar sem hún þakkaði
félaginu fyrir hluttekningu við
fráfall og jarðarför manns henn-
ar Þ. Lárussonar skókaupmanns,
fundarmenn stóðu upp til að
votta hinum látna starfsbróður
virðingu sína.

Því næst las ritari bréf sem
hann hafði skrifað Viðskiftaráði
Íslands, fyrir félagsins hönd

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðvíkjandi hinum fyrirhugaða
fílista. Var engin athugasemd
gjörð við það.
Því næst var gengið til
aðalfundarstarfa:
Ritari las skýrslu um
störf félagsins á liðnu starfs-
árinu. Gjaldkeri las upp endur-
skoðaða reikninga félagsins
fyrir starfsárið og sýndu þeir
Kr. 115.55 eign.
Samkvæmt lögum félagsins
voru tveir menn dregnir út
úr stjórn félagsins, með hlutkesti.
Út voru dregnir: Stefán Gunnarsson
og Torfi Jóhannsson
Var því næst kosinn formaður
fyrir næsta starfsár og hlaut
kosningu Jón Bergsson, með 4 atkv., sem
meðstjórnandi hlaut kosningu
Stefán Gunnarsson, með 5 atkv., sem gjaldkeri
fyrir næsta ár, en Óli J. Ólason, sem

eftir var í stjórninni, skyldi
vera ritari félagsins áfram.
Endurskoðandi var endurkosinn
Björgúlfur Stefánsson
Vegna ágreinings og umræðna
sem fram fóru um fullmagt til
handa félagsmanni til að fara
með atkvæði fyrir annan
félagsmann á aðalfundi, var
samþykkt að fela stjórninni
að endurskoða lög félagsins og
gjöra tillögur til nauðsynlegrar
breytinga fyrir næsta aðalfund.
Jón Bergsson bar fram tillögu
um að félagið reyndi að fá
afslátt á flutningsgjöldum hjá
Eimskipafél. Íslands, var stjórninni
falið að athuga það mál.
Ýms önnur mál rædd án
þess að sérstakar tillögur kæmu
fram. Stjórninni falið að
halda sem best á málefnum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsmanna við Gjaldeyris- og innflutningsnefnd, Verðlagsnefnd o.s.frv.

Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið

Rvík 19/9 1940.

Óli J. Ólason
ritari

Þann 3. jan. 1941 var fundur haldinn á fél. ísl. skókaupmanna at Hótel Borg.

Fundarefni: Væntanlegar leyfisveitingar fyrir skófatnaði fyrir 1941.

Eftir nokkrar umræður voru eftirgreindar tillögur samþykktar í þessu efni:

1.) Að leyfi fyrir leðurskófatnaði verði um 80% hærra en leyfi fyrir öllum skófatnaði s.l. ár.

2.) Að leyfin verði ekki bundin við sérstakar tegundir skófatnaðs en ef svo verði að þá sé ekki yfir 33% bundið við barna- og unglingaskófatnað.

3.) Að 1/3 af leyfunum verði frjáls, en 2/3 bundinn við innkaup á Bretlandi

4.) Að veitt verði leyfi fyrir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gummískófatnaði frá Ameríku eftir því sem þörf er fyrir, vegna þess hve erfitt er að fá þessar vörur frá Bretlandi, enda miklum mun dýrari þaðan.

Ritara falið að skrifa nefndinni bréf þessu viðvíkjandi.

Fleyra ekki tekið fyrir fundi slitið.

Rvk. 3/1 1941.

Óli J. Ólason
ritari

Þann 17. jan 1941 var fundur haldinn í fél. ísl. skókaupmanna, í Húsi V.R. við Vonarstræti.

Ritari las fundarmönnum afrit af bréfi til gjaldeyris og innflutningsnefndar viðv. leyfisveitingum fyrir þetta ár.

Því næst hóf formaður máls á því, að ýmis félög verzlunarstéttarinnar hefðu ákveðið að heiðra 50 ára afmæli Verzlunarmannafél. Reykjavíkur með peningagjöfum. Taldi hann æskilegt að félagið gerði slíkt hið sama, og sameinaði gjöf sína við gjöf hinna annara félaga.

Óli J. Ólason lagði til að félagið sendi gjöf sína sérstaklega, þar sem félagið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fengi með því tækifæri til að sýna hvesjir væru meðlimir félagsins og gæti það orðið áminning þeim skókaupmönnum, sem stæðu utan félagsins. Tillaga þessi var samþykkt, enda allir sammála um að bjóða ekki utanfélags-skókaupmönnum að vera með í þessari gjöf.

Samþykkt var að gefa peninga upphæð Kr. 500.- Kr. 72.- á hvern félagsmann í Rvík. og Hafnarfirði.

Ritara falið að gera uppkast að bréfi til að láta fylgja gjöfinni.

Fleyra ekki tekið fyrir fundi slitið.

Rvík 17/1 1941.

Óli J. Ólason
ritari

Þann 21. jan 1941 var stjórnarfundur haldinn í Fél. ísl. skókaupmanna. í skrifstofu Stefáns Gunnarsson Austurstr. 12

Formaður upplýsti að kaupmannafélög þau, sem ákveðið hefðu að sameina sig um gjöf til Verslunarmannafél. Rvk. vegna 50 ára afmælisins, hefðu í viðtali við sig ítrekað boð þeirra um að félag vort yrði með í gjöf þessari, og látið þess getið að ef við yrðum ekki með, mundi verða tekið tilboði Lárus G. Lúðvígsson skóversl. um að vera með í gjöfinni með álíka upphæð og félag vort mundi gefa. Þar sem félög þessi höfðu ákveðið að láta silfurskjöld með áletruðum nöfnum gefenda fylgja peningagjöfinni, samþykkt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnin að taka þessu boði
með því skilyrði að utan-
félagsfyrirtæki yrði ekki gefinn
kostur á að vera með í gjöf
þessari. Var þá þegar með samtali
við formann eins af nefndum félögum
fengið fast loforð fyrir þessu
Fleyra gjörðist ekki

Rvk. 21/1 '41
J. Ólason
ritari

Stjórnarfundur í Fél. ísl. skókaupm.
var haldinn þ. 22/1 '41 í húsi V.R.
Formaður lagði fram uppkast
að samningi um launakjör
verslunarfólks, sem Verslunarmannafél.
Rvk óskar að gera, fyrir hönd
launþega, við vinnuveitendur í
þessari stétt. Samningsuppkast
þetta fól í sér að verslunarfólki
skyldi greidd full dýrtíðaruppbót

eins og hún yrði í hverjum tíma
samkv. útr. Hagstofu Íslands.
Stjórnin samþykkti að verða við
þessari sjálfsögðu tillögu eins og
áður og fól formanni að
undirskrifa væntanlegan samning
fyrir félagsins hönd að áður
fengnu samþykki annara félags-
manna. —
Fleyra gjörðist ekki

Rvk 22/1 '41
[illegible] J. Ólason
ritari

Fundur var haldinn í Fél.
ísl. skókaupmanna þann 29.
ágúst 1941 í húsi V.R.
Mættir voru á fundinum þeir
Jón Bergsson, Björgólfur Stefánsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Stefánsson og
Óli J. Ólason.

Formaður lagði fram
bréf frá Verslunarráði
Íslands, þar sem óskað
var eftir tilnefningu félagsins
á fulltrúum og varafulltrúum
í fulltrúanefnd Verslunarráðsins
samkv. 22. gr. laga V.Í.

Þar sem félag vort hefir
meir en 10 meðlimi, ber því
að tilnefna 2 fulltrúa og tvo
til vara.

Sem aðalfulltrúar voru
tilnefndir þeir:
hr. kaupm. Stefán Gunnarsson, Austurstr. 12
og hr. kaupm. Óli J. Ólason, Skólavstr. 8
Sem til vara þeir:
hr. kaupm. Jón Bergsson, Lv. 6 7
hr. kaupm. Gunnar Stefánsson, Austurstr. 12

Ritara var falið að
tilkynna Verslunarráðinu þessa
tilnefningu, og senda því um
leið meðlimaskrá og eintak
af lögum félagsins, sem V.Í.
óskaði eftir.

Á fundinum var einnig rætt
um væntanlegt hámarksverð
á skófatnaði og las ritari
bréf, er ~~hann~~ sent hafði verið
verðlagsnefnd þ. 19. júlí s.l. og
hafði hverjum einstökum nefnd-
armanni verið sent eintak
af bréfinu. Þar sem ekkert
hafði af þessu heyrst síðan
var ákveðið að hafa þegar
tal af Dr. Oddi Guðjónssyni, um
málið, var reynt að ná símtali við
hann, en tókst ekki. Að fundi
loknum fóru fundarmenn, að
ritara undanskyldum, á fund Dr. Odds
og ræddu við hann um málið. Fleira gjörðist
ekki, fundi slitið. Rvk. 29/8 '41

Óli J. Ólason ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn í fél. ísl. skókaupmanna þann. í Húsi V.R.
Fundarefni: væntanlegt hámarksverð á skófatnaði. Formaður og gjaldkeri höfðu samdægurs haft tal af Dr. Oddi Guðjónssyni um málið, og hafði hann óskað eftir að félagsstjórnin sendi sér tillögur um flokkun skófatnaðar til hámarksverðs álagningar, og tillögur um álagningu á hvern flokk.
Stjórnin varð sammála um þetta hvorttveggja, og var ritara falið að skrifa Dr. Oddi bréf um þetta. Flygra gjörðist ekki.

Rvk.
[signature] Óli J. Ólason
ritari

Aðalfundur

Aðalfundur í fél. ísl. skókaupmanna, var haldinn í Húsi V.R. þann 30. sept. 41
Ritari las fundargerð síðasta fundar ásamt bréf. sem sent hafði verið til Dr. Odds Guðjónssonar vegna væntanlegs hámarksverðs á skófatnaði.
Gjaldkeri las reikninga félagsins og voru þeir samþykktir. Í sambandi við reikningana var ákveðið að framvegis skyldi auglýsingakostnaður, sem varðar félagana í Rvk aðeins, skiptast milli þeirra, en ekki greiðast úr félagssjóði.
Því næst bar Óli J. Ólason fram eftirfarandi lagabreytingar sem voru báðar samþykktar með öllum atkvæðum:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við 5 gr. Í staðinn fyrir
„Hvert firma hefir 1 atkvæði
á fundinum“, komi:
„Hver félagsmaður fer aðeins
með atkvæði sitt eða firma
síns á fundinum“.
við 8. gr. Í staðinn fyrir orðin
„þó þannig að eftir árið gangi
2 menn úr stjórninni eftir
hlutkesti“. Komi:
„Skal fyrst kosinn formaður
og síðan 2 meðstjórnendur,
sem skifta með sér ritara og
gjaldkerastörfunum. Þar af
leiðandi falli falli svohljóðandi
málsgrein seinna í 10. gr. burt
„Og annað tímabil sá stjórnar-
meðlimur, sem ekki er dreginn
úr stjórninni“.

Fór því næst stjórnarkosning
fram eftir þessari nýju skipan.
Formaður var kosinn
Kaupm. Stefán Gunnarsson með
4 atkv. Jón Bergsson fékk 2.
Meðstjórnendur voru kosnir
þeir Jón Bergsson með
6 atkv. og Óli J. Ólason með
5 atkv.
Endurskoðandi var kosinn
Torfi Jóhannsson
Í nefnd til að skrifa
skipulag um störf félagsins
og senda hana félagsmönnum
út á landi voru kosnir
þeir Torfi Jóhannsson og Björgúlfur
Stefánsson.
Til umræðu var á eftir
Hámarksálagningin og tóku
allir fundarmenn til
máls. Fleyra gjörðist ekki. Fundi slitið
Rek. 30/9 41
Stef. Gunnarsson Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna þann 17. okt. 1941, í húsi V.R. við Vonarstræti.

Efni fundarins var að taka til athugunar hina nýju verðlagsákvæði á skófatnaði. Eftir nokkrar umræður var samið uppkast að breytingartillögum, sem stjórninni var falið að koma á framfæri við hr. skrifstofustj. Dr. Odd Guðjónsson.

Einnig var rætt um að félagsmenn sendu gjaldeyris- og innflutningsnefnd umsóknir fyrir þeim vörum, sem þeir byggjust við að geta náð fyrir nýjár.

Fleyra gjörðist ekki – fundi slitið

Rvík 17/10 '41

Óli J. Ólason

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna þann 14. nóv. 1941 í húsi V.R. við Vonarstræti.

Fyrir fundinum lá inntöku beiðni frá hr. kaupm. Gunnari Péturssyni f.h. skóverzl. „Hektor" Laugaveg 17. Inntökubeiðnin var samþykkt með öllum atkvæðum og ritara falið að tilkynna viðkomandi það.

Einnig var skýrt frá viðtali stjórnarinnar við Dr. Odd viðvíkjandi verðlagsákvæðinu og lesið afrit af bréfi sem verðlagsnefnd hafði verið skrifað um málið

Fleyra gjörðist ekki fundi slitið –

Rvík 14/11 '41

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. Skókaupmanna þann 5 des 1941, í húsi Verzlunarm. fél. Rvk.

Stjórnin skýrði frá viðræðum sínum við skrifstofustj. Viðskiftaráðsins Dr. Odd Guðjóns. viðvíkjandi Verðlagsnefndinni og fleyru því viðvíkjandi.

Einnig var rætt um væntanleg viðskifti við Ameríku sjerstaklega möguleika á að ná gúmmískófatnaði. Stjórninni falið að tala við Viðskiftanefnd um þessi mál.

Fleyra gjörðist ekki á fundinum.

Rvk 5/12 41

Óli J. Ólason

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna þann 28 jan 1942 í húsi V.R.

Formaður og ritari gáfu skýrslu um fund fulltrúanefndar Verzlunarráðsins, viðvíkjandi innkaupum á skófatnaði og þá sérstaklega gúmmískófatnaði frá Ameríku.

Stjórninni var falið að skrifa viðskiftamálaráðuneytinu þessu viðvíkjandi, og gera annað sem þurfa þætti í þessu máli.

Einnig var rætt um reglur um heimlán úr búðum félagsmanna o.fl.

Fleyra gjörðist ekki fundi slitið

Rvk 28/1 42

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. Skókaupmanna þ. 23/2 1942 í Húsi V.R.

Stjórnin skýrði frá samtölum sínum við H. Björn Olafsson form. Viðskiftanefndar um gúmmíkaup frá Ameríku, lesið var bréf sem skrifað var til Viðskiftanefndar um tillögur til fyrirkomulags í þessum viðskiftum.

Einnig var talað um kaup á leðurskófatnaði frá Ameríku og var stjórninni falið að skrifa Gjaldeyrisnefnd um það mál. Stjórninni var einnig falið að reka á eftir Viðskiftanefnd vegna innkaupa á gúmmískófatnaði frá Ameríku.

Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið

Rvík 23/2 42
Óli J. Ólason

Stjórnarfundur var haldinn í Fél. ísl. Skókaupmanna þ. 13/5 '42 á skrifstofu Stefáns Gunnarssonar.

Fyrir fundinum lá inntökubeiðni frá Versl. Leós Eyjólfsson Ísafirði og samþykkti stjórnin að samþykkja inntökubeiðnina og tilkynna viðkomandi.

Einnig var gengið frá bréfi viðvíkjandi Ameríkuviðskiftum til Gjaldeyrisnefndar.

Rvík 13/5 42
Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi
ísl. Skókaupmanna þ. 31/8 '43
að Hótel Borg.
Allir félagsmenn í Rvík og
Hafnarfirði voru mættir.
Fundarstjóri las fundargerð
síðasta fundar auk fundar-
gerðar stjórnarfundar. Einnig
las ritari bréf sem skrifað
var Gjaldeyrisnefnd í maí s.l.
um Ameríkuviðskifti.
Þegar hér var komið
kom loftárásarmerki
og þurftu sumir fundar-
manna að gegna skyldu-
störfum því viðvíkjandi.
Eftir ca. 20 mín. var fundi
haldið áfram og var þá fyrst
að stjórnin skýrði frá því
að viðskiftanefnd æskti eftir
að fá uppgefið hvað félagsmenn

ættu í pöntun frá Ameríku
af gúmmískófatnaði sérstaklega
frá Canada ef vera mætti að
takast mætti að fá einhverju
umþokað því viðvíkjandi.
Ritara var falið að
fá upplýsingar um pantanir
félagsmanna og ganga frá
skýrslu til viðskiftanefndar
um það.
Næst var tekið fyrir bréf
V.R. og uppkast að launasamning
verslunarfólks sem lá fyrir
fundinum. Samþykkt var að
heimila stjórninni að undir-
skrifa samninga við V.R. eftir
því uppkasti sem fyrir lá. Nokkrar
umræður voru um þetta mál
og voru félagsmenn sammála
um að ganga að þeim samn-
ingum sem samkomulag hafði
orðið um hjá nefnd þeirri, sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjallat hafði um þetta mál af hálfu kaupmanna í Ncomm.

Þá kom fram tillaga frá Arna Matthiessen um að stjórninni væri falið að skrifa Dómnefnd í verðlagsmálum viðvíkjandi hækkun í álagningu vegna kauphækkunar og skildi farið fram á minst 10% hækkun á álagningarkvóta þann er nú gilti.

Stjórnin skýrði frá að hún hefði í hyggju að koma fram með lagabreytingu á næsta aðalfundi, um skyldur fyrir inngöngu í félagið, nokkrar umræður urðu um það mál.

Einnig kom Óli J. Olason fram með tillögu um að félagið láta gera stimpil og prentmót af vörumerki(?):
„Member of the Icelandic Shoe merchants association“

sem félagsmenn notuðu á bréfhausa, einnig bar hann fram tillögu um að félagið tilkynti sig öðrum hliðstæðum félögum í England og Ameriku.

Fleyra gjörðist ekki, fundi slitið.

Tek 31/8 42

[signature] Finnmarsson    Óli J. Olason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aðalfundur

í Félagi ísl. Skókaupmanna var
haldinn á húsi V.R. fimtudaginn
þ. 24. sept. Mættir voru á
fundinum allir félagsmenn í
Rvík og Hafnarfirði.
Ritari las fundargerð síðasta
fundar og var hún samþykkt og
undirskrifuð.
XX Formaður gerði grein fyrir
starfi félagsins á árinu og
gat þess að fundir hefðu verið 4
færri en næsta ár á undan,
þar sem félagið hefði ekki
haft úr jafn mörgu að ráða
þetta ár, því verslunin hefði
yfirleitt gengið betur en félags-
menn áttu að venjast undan-
farin ár.
Því næst var gengið til stjórn-
arkosningar, var fyrst kosinn

\# Gjaldkeri las reikninga félagsins, sem sýndu sjóðseign
Kr. 312.04 voru reikningarnir samþykktir umræðulaust.

formaður. Kosinn var Stefán
Gunnarsson með 4 atkv., Jón Bergss.
fékk 3 atkv.
Þá voru kosnir 2 meðstjórn-
endur og hlutu kosningu þeir
Óli J. Ólason með 5 atkv. og
Jón Bergsson með 4 atkv. og skiftu
þeir með sér verkum eins og áður
Jón gjaldkeri og Óli ritari
Endurskoðandi var einnig endur-
kosinn Björgúlfur Stefánsson.
Næst voru samþykktar tvær
lagabreytingar. Fyrst við 5 gr.
Aftan við orðið skófatnaðardeild
í fyrstu málsgrein bætist:
„Þó verður viðkomandi að hafa
starfrækt slíka verslun í
minst 2 ár áður en hann
getur fengið upptöku í félagið,
en undanteknir eru þó versl-
unarmenn, sem hafa starfað
við skóverslun minst 5-10 ár“.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því næst breyting við 8. gr.
„Í stað inntökugjald 10 kr komi
25 kr. og árstillag 50 í stað 20.“
Báðar breytingarnar voru
samþykktar með samhljóða
atkvæðum.
Inntökubeiðni hafði borist
frá Skóversl. Gísla Magnússonar
Borgarnesi og var samþykkt að
taka hana í félagið.
Stjórninni var falið að skrifa
til Gerðardóms í verðlagsmálum
og reyna að fá hækkaðann
álagningarskalann með til-
vísun til þeirrar miklu hækkun
á öllum kaupgreiðslum og kostnaði
sem nú væri orðinn.
Einnig var stjórninni falið
að ganga frá gúmmípöntunum
félagsmanna til Viðskiptanefndar
fleyra gjörðist ekki, fundi slitið
Rvík 24/9 42.

Stefán Gunnarsson    Óli J. Ólason

Fundur var haldinn í Fél. ísl.
Skókaupmanna þann 13. jan. 43
í V.R. húsinu. Mættir voru
allir félagsmenn í Rvík og
Hafnarfirði. Fundargerð lesin og undirskrifuð.
Formaður skýrði fundarmönnum
frá að stjórn félagsins hefði
verið boðið á fund Viðskipta-
nefndar ásamt öðrum inn-
flytjendum í Gúmmískófatnaði
svo sem S.Í.S. Hvannberg og Lár. G. L.
Þar sem þeim var skýrt frá
að pantanir þær sem hingað
til hefðu verið sendar til
Bandaríkjanna hefðu verið
annulleraðar, en í staðinn
hefðu verið boðið eftirfarandi:
14500 pör Gúmmístígvél 18500 skó-
hlífar, 28000 strigaskór fyrir
fyrri hluta þessa árs og sama
magn fyrir seinni hluta ársins

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og bæri að skipta þessu
vörumagni eftir þeim
„kvóta", sem gjaldeyrisnefnd
hefði samið. Einnig skýrði
formaður frá að samkvæmt
ósk Viðskiptanefndar hefði
þegar verið stofnuð 5 manna
innkaupanefnd í þessu skini,
ætti félagið 2 fulltrúa í nefndinni,
þá Jón Bergsson og Óla J. Ólason,
tóku þeir báðir til máls
og skýrðu væntanleg störf
þessarar nefndar, þar á meðal
þess að félagið mundi hafa
með að gera flesta utanbæjar
innflytjendur, sem ekki sérstak-
lega heyrðu undir aðra aðila.
Var því næst óskað eftir að félags-
menn fullgerðu pantanir sínar
fyrir n.k. laugardag og afhentu
áðurgreindum fulltrúum félagsins
í nefndinni.

Því næst voru kosnir 2
fulltrúar í fulltrúanefnd
Verslunarráðs Íslands,
kosnir voru þeir sömu og
áður þeir Stefán Gunnarsson
og Óli J. Ólason.
Fleyra gjörðist ekki,
fundi slitið.
Gunnar Stefánsson kaupm.
greiddi veitingar allar.

Rvk. 13/1. '43.

Stefán Gunnarsson

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur í Fél. ísl. Skókaupmanna
var haldinn að Hótel Borg
þann 30. apríl 1943. Fyrir
fundinum lá inntökubeiðni
frá Pétri Andréssyni Versl. Pelikan
Framnesveg 2, var samþykkt að
svara beiðninni bréflega
með tilvísun til 5 gr. félags-
laganna um skilyrði fyrir
inntöku í félagið.

Rætt var um kosningu í
stjórn Verslunarráðs Íslands, varð
samkomulag um hverja félags-
menn skyldu kjósa og var á
fundinum gengið frá þeim 2
atkvæðum, sem félagið ræður
yfir.

Ákveðið var að skrifa Við-
skiptaráði um ýmis atriði
varðandi úthlutun hins
nýja kvóta yfir innflutning á
skófatnaði og var ritara
falið að ganga frá bréfinu
sem allra fyrst.

Fleyra gjörðist ekki, fundi
slitið

Rvík. 30/4 1943.

Stefán Gunnarsson    Óli J. Ólason

Stjórnarfundur í F.Í.S.
haldinn þann 26/5 1943
Ákveðið að skrifa Verslunarráði
Íslands viðvíkjandi fragtbréfa
Ákveðið að tala við meðlimi
félagsins um að vísa öllum
málaleitunum verðlagsstjóra
~~t~~ til félagsins. Ákveðið að
athuga möguleika fyrir lokun
á föstudögum kl. 7. Ó.J. Ól.
tók að sér að tala við L.G.L.
og Hvannberg því viðvíkjandi.

Rvík. 26/5 43

Stefán Gunnarsson    [illegible]    Ó.J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. Skókaupmanna þann 11. júní 1943 í félagsheimili V.R.

Mættir voru 5 félagsmenn Björgúlf og Árna Matthías vantaði. Formaður setti fundinn og ritari las fundargerðir síðustu funda, sem voru samþykktar og undirritaðar.

Þá las formaður bréf Verzlunarráðs dags. 10 júní ásamt afriti af bréfi Verðlagsstj. um verðmerkingar í skófatnaði. Eftir nokkrar umræður, var ákveðið að reyna að verða við óskum Verðlagsstjóra og koma í lag því sem ábóta vant kynni að vera um verðmerkingar félagsmanna, og var ritara falið að skrifa Verzlunarráðinu þessu viðvíkjandi og þakka því milligönguna.

Formaður tilkynnti að til sín hefði verið hringt frá Viðskiptaráði og félagið beðið að gefa upp þarfir félagsmanna í leðurskófatnaði fyrir næstu 12. mán (1/7 43 – 30/6 44) sundurliðað í kven, karlmanna og barna, para fjölda og þyngd. Stjórninni falið að tala við viðskiptaráð um þetta og fá frekari skýringar.

Jóni Bergssyni falið að tala við Stefán Jónsson kaupm. Laugav. 17 og fá vitneskju um hvort hann óskaði að vera áfram meðlimur í félaginu, þar sem hann hefði byrjað verzlun á ný.

Formaður kom með munnlega tillögu um hvort félagið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ætti ekki að hugsa til
að leggja t.d. 10 þús krónur
í byggingarsjóð. Stjórnarráðin
frestað að taka ákvörðun
um málið, en þeir sem
mættir voru á fundinum
voru tillögunni fylgjandi.
Ýms önnur mál rædd
á við og dreif, án þess
að aðrar ályktanir væru
gerðar.

Rvík 11/6 1943

[illegible] Óli J. Ólason

Fundur var haldinn í Félagi
ísl. skókaupmanna þ. 2/9 '43
í Húsi V.R.
Formaður setti fundinn
ritari las fundargerð síðasta
fundar og var hún samþykkt.
Allir félagsmenn í Rvík og
Hafnarfirði voru mættir.
Formaður tilkynnti að
fundurinn væri boðaður
vegna óska félagsmanna
og væri fundarefnið að
Óli J. Ólason gæfi skýrslu
um gúmmískófatnaðarúthlutunina, sem félagið
hefði haft með höndum.
Óli J. Ólason gaf því næst
ýtarlega skýrslu um
störf sín vegna dreifingar
gúmmískófatnaðar, sem félaginu
hefði verið falin af

Viðskiptaráði. Samkvæmt
skýrslum höfðu vörur
þær sem þegar var úthlutað
kostað félagið um 333 pund
komnar en söluverð þeirra
til félagsmanna var um 340 þús
auk 2% dreifingarkostnaðar.
Eftir að Óli hafði
lokið skýrslu sinni
talaði Jón Bergsson og
lagði fram nokkrar
tillögur um framtíðar-
skipun þessara mála.
Eftir nokkrar umræður og breytingar
voru eftirfarandi til-
lögur samþykktar um
tilhögun á afskiptum félagsins
af sameiginlegum innkaupum til landsins

1. Að stjórn F.Í.S. samþykki
alla víxla vegna sameigin-
legra innkaupa og kvitti
fyrir þá öll eða 2 meðlim-
ir stjórnarinnar þegar þeir
falla úr gildi, en ábekingar
séu aðrir félagsmenn í
Rvk. og Hafnarfirði.
2. Að hver einstök vörukaup
verði gerð upp sérstaklega
og verði félagsmönnum þá gefin
skýrsla um hver vörukaup
fyrir sig tilheyrandi þá
óinnleystum tryggingarvíxlum
sem samþ. hafa verið af
félagsmönnum
3. Að öllum sé gert að skyldu
að greiða vörurnar strax
við móttöku, jafnt hvort
það sé félagsmaður eða
önnur fyrirtæki, sem rétt
eiga til innfl. samkv. lista
Viðskiptaráðs.
4. Að skrifað sé umburðar-
bréf til allra fyrirtækja út

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á landi þar sem mest sé
til, að þeir greiði vörur
sínar í Reykjavík strax
eftir að þær eru tilbúnar
til afgreiðslu.
5. Að allar greiðslur fari
fram[?] jafnóðum inn á Hlaupa-
reikn. félagsins í Landsb. Íslands
6. Í því tilfelli að vörumagnið
sé eftir óráðstafað, þá verði
honum skipt hlutfallslega
milli félagsl. ísl. stórkaupmanna
7. Að Landsb. Íslands sé
tilkynnt hverjir hafi umboð
til að skuldbinda félagið í
hvert skipti til árs í senn
og kvitta fyrir skjölum og víxlum.

Í gúmmíúthlutunarnefnd voru
kosnir Óli J. Ólason, Björgúlfur
Stefánsson og Gunnar Stefánsson

Endurskoðendur voru kosnir
Torfi Jóhannsson og Gunnar Petersen

Auk þess var Björgúlfi
Stefánssyni og Gunnari Petersen
falið að undirbúa og sjá
um hina árlegu skemmtiferð
félagsins.
Fleira gjörðist ekki
og fundi slitið.

Rvík 2/9 43

~~Stefánsson~~[?] Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur í Fél. ísl. skókaupmanna var haldinn í V.R. þann 28 sept. 1943 Kl. 2 e.h.

Allir félagsmenn í Rvk og Hf. voru mættir.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Því næst gaf formaður skýrslu um starfsemina á liðna árinu. Hann gat þess í skýrslu sinni að árið hefði yfirleitt verið hagstætt fyrir þessa verslunargrein og þar af leiðandi hefði störf félagsins ekki verið eins umfangsmikil eins og oft áður, stjórn félagsins hefði þó fylgst með öllu sem tilefni hefði verið til að láta sig skipta. Um skýrslu formanns urðu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki umræður.
Næst las gjaldkeri upp reikninga félagsins, sem sýndu sjóðsaukningu kr. 578.24 Reikningarnir, sem voru endurskoðaðir af endurskoðanda félagsins, voru bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.
Þá fór fram stjórnarkosning var fyrst kosinn formaður Kosinn var Stefán Gunnarsson með 5 atkv. Jón Bergsson fékk 3. Þá voru kosnir meðstjórnendur þeir Jón Bergsson og Óli J. Ólason báðir með 7 atkv. Endurskoðandi var endurkosinn Björgúlfur Stefánsson.
Þá voru ýms mál.
Björgúlfur Stefánsson lagði til að skýrslu formanns yrði

vélritut famvegis og útbýtt til félagsmanna, sérstaklega til þeirra sem ekki gátu sótt fundi félagsins.
Jón Bergsson vakti máls á því að reynt yrði að fá Eimskip til að taka skófatnað í forgangsflutning frá Ameríku. Í sambandi við þetta var upplýst að fyrir forgöngu félagsstjórnarinnar hefði Viðskiptamálaráðherra fyrirskipað forgangsflutning á ca. 60 tonnum af skófatnaði frá New York.
Jón Bergsson minti einnig á að félagið væri nú 5 ára gamalt og gæti litið yfir gott starf stéttinni til heilla.
Fyrir fundinum lá bréf Verslunarráðs, þar sem óskað var eftir tillögum um breytingu á tollskránni, ef þurfa þætti. Fundarmenn voru sammála um

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mæla með þeirri breytingu
að sölur í almennum strigaskóm
með gummisólum, væri færður
úr 40% í t.d. 15% til samkomulags.
Torfi Jóhannsson vakti máls
á því [illegible] að gefnu tilefni, að félags-
menn svöruðu öllum fyrir-
spurnum og málaleitunum hins
opinbera, sameiginlega með
milligöngu félagsstjórnarinnar
og Verzlunarráðsins eftir því
sem við ætti, en ekki hver
útaf fyrir sig, þá vendi þessar
stofnanir á að snúa sér
til félagsins með öll slík mál
en ekki einstakra kaupmanna.
Ennfremur var rætt um
nýjar tillögur um lokunar-
tíma sölubúða, sem nú væru
til umræðu í hinum ýmsu félögum.
Eftir nokkrar umræður var

stjórninni falið að fylgjast
með því máli ásamt öðrum
sérgreinafélögum bæjarins.
Fleyra gjörðist ekki á
fundinum. Fundarmenn drukku
allir kaffi og te eins og venjulega.

Fundi slitið
Rvík 28/9. '44
Óli J. Ólason ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi
ísl. skókaupmanna þann 12. febr.
í húsi V.R. kl. 3. Allir félagar
í Rvík. mættir.

Formaður skýrði frá símskeyti
sem borist hefði til Viðskiptaráðs
frá Sendiráði Íslands í Washington
~~um~~ þar sem skýrt var frá
að nýjar reglur giltu nú
um kaup á leðurskófatnaði
frá U.S.A. Þannig væri Íslandi
úthlutað á fyrstu 3. mánuðum
þessa árs

| | | |
|---|---|---|
| 13500 | pörum af | Karlmannaskóm |
| 8100 | – – | Vinnuskófatn. |
| 22275 | – – | Kvenskóm |
| 15750 | – – | Barnaskóm |
| 9000 | – – | Inniskóm |

og að það sem ekki væri notað
af þessum kvóta í lok hvers
tímabils, félli niður, sama
magn yrði leyft fyrir annan
fjórðung þessa árs.

Allir fundarmenn tóku til
máls um þetta og hnigu til-
lögur manna í þá átt að
Sendiráðinu í Washington yrði
~~send~~ send skýrsla um
hvernig þetta magn ætti að
skiptast milli ísl. innflytjenda
og gæfi það svo meðmæli með
útflutningsleyfum í Ameríku
samkvæmt því. Að öðru leyti
var stjórninni falið að fara
á fund Viðskiptaráðs með
þessar tillögur og að öðru
leiti fá sem gleggstar upplýsingar
um málið og kynna það félags-
mönnum eftir því sem ástæður
væru til.

Óli J. Ólason gaf fundarmönnum
skýrslu um hvað gengi með að
fá gúmmískófatnað til landsins

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og að samkvæmt þeim skeytum
sem farið hefðu milli Viðskiptaráðs
og ~~viðskiptanefndar~~ Innkaupa-
nefndarinnar í New York,
þá væri komið á daginn að
engin von væri á þessum vörum
fyr en í Mai til Júli. Með
öðru skeyti upplýsti hann
að eitthvað lítilsháttar kæmi
af gúmmískófatnaði frá
Canada á vegum einstaklinga
og Sambands~~ins~~ ísl. samvinnufélaga.
og mundi það bæta úr brýnustu
þörfum á meðan beðið væri
eftir hinu, sem kæmi ~~ótt~~ frá U.S.A.

Fyrir fundinum lá bréf frá
Verslunarráði Íslands ásamt þýðingu
á bréfi frá Bresku flotastjórninni.
þar sem farið er fram á að
öllum umbúða pappír sé haldið saman
og látinn Bresku flotastjórninni
í té, annast hún um að
selja hann til viðkomanda
ef hringt er í síma 5935.
Tóku fundarmenn þessari málaleitun
vel og skrifuðu hjá sér símanúmerið.

Ennfremur var rætt um
að fara fram á lækkun á
álagningu vegna flutningsgjalda-
lækkunarinnar, þar sem síðasta
breyting til lækkunar á álagningu
var byggð á farmgjaldalækkuninni
eingöngu. Stjórninni falið
að athuga þetta mál.

Einnig var rætt um að
reyna að hafa áhrif á að
fá leyfðan innflutning frá Bretlandi
á inniskóm og barnaskóm og
ákveðið að skrifa Verslunar-
ráði um það mál. Fleyra gjörðist
ekki, fundi slitið. Rvík 12/2 44

[illegible] Óli J. Ólason
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. Skókaupmanna þann 24. febr. í Húsi V.R. Kl. 3. e.h.
Á fundinum voru mættir allir félagsmenn úr Rvk. og Hf. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykkt Formaður bauð firmað Lárus G. Lúðvígsson, velkomið í félagið og þakkaði hr. forstj. Lárus Jónsson fyrir.

Aðalefni fundarins var að kynna félagsmönnum þær nýju reglur um kaup á leðurskófatnaði í U.S.A. en þar sem reglurnar höfðu komið út í auglýsingu Viðskiptaráðs þennan dag í dagblöðunum, voru mönnum þær kunnar orðnar. Rætt var á víð og dreif um þessi mál, ákveðið að hver og einn gerði sitt ýtrasta til að notfæra sér sinn kvóta í tæka tíð. En heppilegt talið að félagið héldi aftur fund um miðjan marsmánuð, þá mundu félagsmenn verða nokkru vísari um hvernig þeim gengi að notfæra sér kvótann fyrir fyrstu 3 mánuði ársins, og væri þá möguleiki á einhverri samvinnu á milli einstakra firma í þessu efni ef þörf krefði.

Ennfremur var rætt um að reyna að fá hækkaða álagningu á skófatnaði og stjórninni falið að fara á fund Verðlagsstjóra þessu viðvíkjandi.

Formaður vakti máls á því að nauðsynlegt væri að félagsmenn kæmu sér saman um að hafa ekki útsölur fyrri hluta mánaðar, og var það að samkomulagi að útsölur skyldu ekki vera fyrr en eftir 12. dag hvers mánaðar. Fleira gjörðist ekki. fundi slitið

Rvík 24/2 44

Stefán Gunnarsson Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna þ. 4. maí 44 kl. 3 eh í húsi V.R. Mættir voru allir félagar úr Rvk og Hf.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Formaður skýrði frá fundi sem haldinn var í Félaga-sambandi smásöluverslana, þar sem kosin var nefnd til að gera tillögu um uppstillingu í stjórn Verslunarráðs Íslands. Í þessari nefnd á sæti Ól. J. Ólason frá Félagi ísl. skókaupmanna og óskaði hann eftir tillögum félagsmanna í þessu efni. Sem fulltrúi félagsins á væntanlegum lista var kosinn Stefán Gunnarsson með 6 atkv. Að öðru leyti voru menn sammála að mæla með eftirgreindum mönnum frá öðrum sérgreinarfélögum: Árna Árnason, H. Biering, Tómas Jónsson og Guðm. Guðjónsson.

Þá voru kosnir 2 menn í fulltrúanefnd Verslunarráðsins. Kosningu hlutu Jón Bergsson með 5 atkv. og Ól. J. Ólason með 7 atkv.

Samþykkt var að fela þeim Torfa Jóhannssyni og Björgúlfi Stefánssyni að semja og senda félagsmönnum út um land greinargerð um starf félagsins undanfarið ásamt þeim upplýsingum sem þeim mætti að gagni koma.

Vegna tillögu sem fram kom frá Ó. J. Ól. um að fá Viðskiptaráð til að senda skeyti til Ameríku vegna framkomanda kvótans fyrir fyrsta ársfjórðunginn, vakti Gunnar Pétursson máls á því að réttast væri að krefjast þess að allur skófatnaður sem væri þegar greiddur fyrir vestan samkv. fyrra árs leyfum Viðskipta-ráðs, yrði leyfður án þess að

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það dragist frá þessa árs útflutningskvóta. Hann upplýsti að þetta mundi hafa verið gert í öðrum tilfellum. Stjórninni var falið að skrifa Viðskipta-ráði um þetta og leita full-tingis viðskipta-málaráðherra ef með þyrfti.

Formaður skýrði frá hvað gerst hefði í Búðalokunarmálinu Stjórn félagsins hefði fyrir félagsins hönd samþykkt tillögu Verslunar-ráðs Íslands um þá breytingu að lokunartíminn yrði kl. 7 á föstu-dögum og kl. 12 á laugardögum í staðinn fyrir kl. 8 og 1 yfir sumar-mánuðina. Í bréfi um þetta til Verslunarráðs Íslands tók stjórnin það skýrt fram, að hún gengi ekki með þessari breytingunni á þessari reglugjörð

Einnig skýrði formaður frá útfalli, því sem stjórnin hefði átt við Verðlagsstjóra, og að ákveðið væri að skrifa Við-skiptaráði um þetta efni.
Fleyra gjörðist ekki, fundi slitið.

Rvík. 4/3 '44.

Stefán Gunnarsson   Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna í húsi V.R. þann 21/3 '44 kl. 3 e.h. Mættir voru á fundinum allir félagsmenn að undanteknum Arna Matth. og Stefáni Jónssyni.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Lesnar voru síðustu fundargerðir og samþykktar.

Formaður skýrði fundarmönnum frá hvað gerst hefði síðan á síðasta fundi, hefði stjórnin skrifað Viðskiptaráði viðvíkjandi framkvæmd Ameríku-kvótans og því svari sem fyrir lá frá Sendisveitinni í Washington. Lesið var bréf það er Viðskiptaráði var skrifað og einnig svar Sendiráðsins. Aðalumræðurnar snérust um það að reynt yrði að koma því svo fyrir að

ekkert yrði ónotað af kvóta fyrsta kvartárs. Torfi Jóhannsson lagði til að félagið reyndi að hagnýta sér þann afgang sem eftir verði af þeim 68 þús pörum sem kvótinn ~~til~~ fyrir fyrsta ársfjórðung hljóðar á. Samþykkt var að fela stjórninni að fara á fund Viðskiptaráðs þessu viðvíkjandi og láta svo félagsmenn vita hvað gerðist.

Þá var lesið bréf það er skrifað hafði verið til Viðskiptaráðs um hámarksverðið á skófatnaðinum, var bréfið ítarlegt og efni þess nokkuð rætt af fundarmönnum en þar sem bréfið var nýlega sent og ekki hafði borist svar við því, varð ekki

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frekari áliktun gjört í því máli að síðan uppástunga kom frá Þórfa Jóh. um að fjölrita þetta bréf og útbýta því meðal félagsmanna, þar sem í því voru ýmsar upplýsingar, sem nauðsynlegt væri fyrir félagsmenn að kynna sér. Fleyra kom ekki til umræðu á fundinum og var honum slitið. Þá kvaddi sér hljóðs Björgúlfur Stefánsson og sýndi fundarmönnum innihald skókassa sem hann hafði meðferðis, og var gerður góður rómur að slíkum höfðingsskap og innihaldinu gert gott skil. Framhald var hjá formanni, fyrir því sem tíma höfðu til.

Rvík 21/3 44

Stefán Gunnarsson   Óli J. Ólason

# Aðalfundur 1944

í Félagi ísl. skókaupmanna var haldinn í húsi V.R. þ. 28. sept kl. 3 e.m. Allir félagsmenn í Rvík og Hafnarfirði voru mættir auk þess var mætt á fundinum frú Unnur Gísladóttir f.h. Skóverzl. Gísla Magnússonar Borgarnesi.

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

Því næst gaf formaður skýrslu um margt það er gerst hafði á árinu félaginu viðkomandi.

Þá gaf gjaldkeri skýrslu um hag félagsins, sem sýndi að sjóðseignin hafði aukist um kr. 457.21 og var í lok reiknings ársins kr. 1347.49.

Fyrir fundinum lá endurskoðaðir reikningar Gúmmíúthlutunarnefndar félagsins fyrir síðast liðið starfsár,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem sýndi hagnað félagsins af þessum rekstri kr.
og var gjaldkera afhent þessi upphæð sem tekjur til félagssjóðs.

Því næst var gengið til stjórnarkosningar.
Formaður var endurkosinn Stefán Gunnarsson með 7. atkv. Jón Bergsson fekk 2, Óli J. Ólas. 1. atkv.
~~Meðst~~ Meðstjórnendur voru kosnir Óli J. Ólason með 8 atkv. og Lárus Jónsson með 5 - með hlutkesti milli hans og Jóns Bergsson
Endurskoðandi var endurkosinn Björgólfur Stefánsson með lófataki.

Önnur mál:
Björgólfur Stefánsson bar fram munnlega tillögu þess efnis að félagið beitti sér fyrir því að loka sölubúðum laugard. fyrir páska. Í sambandi við þessa tillögu var rætt á við og dreyf um breytingar á lokunartímanum og var það álit flestra að félaginu bæri ekki að beita sér fyrir frekari breytingum á lokunartíma sölubúða og var frestað að taka ákvörðun um tillöguna.

Lárus Jónsson bar fram tillögu um að félagið gengist fyrir því að skömmtun yrði afnumin á gúmmístígvélum þar sem byrgðir væru nú nógar af þessari vöru og ekki fyrirsjáanlegur neinn skortur á þeim í næstu framtíð. Tóku allir fundarmenn undir þessa tillögu og stjórninni falið að gera sitt ýtrasta í þessu máli. Í þessu sambandi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sagði Óli J. Ólason fundarmönnum
frá hvað vöntunlegt væri ef
gúmmískófatnaði nú í norðurinu.
Torfi Jóhannsson átaldi stjórnina
fyrir að hafa ekki opinberlega
mótmælt ýmsum þeim blaða-
skrifum og ásökunum, sem komið
hefðu fram í þeirra garð vegna
sölu síðastc gúmmískófatnaðar.
Fundarmenn tóku undir þetta og
lofaði stjórnin bót og betrun í
þessu efni, ef aftur gæfist til-
efni til slíks.
Torfi og Björgólfur voru áminntir
um það að senda utanbæjar-
félagsmönnunum skýrslu um
starf félagsins á s.l. ári, þar
sem þeir hefðu verið til þess
kjörnir. (á sínum tíma)
Ákveðið var að félagsmenn héldu
sameiginlegt hóf með sameiginlegu

borðhaldi, svo fljótt sem við
yrði komið, var þeim Gunnari
Péturssyni og Björgólfi falið
að annast undirbúning þess.
Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið
Óli J. Ólason
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í
Fél. ísl. skókaupmanna í húsi V.R.
þ. 12. okt. kl. 3. e.m.

Formaður las bréf Verslunarráðs
Íslands, dags. 9. okt. þar sem skýrt
er frá því að V.Í taki þátt í
alþjóðaráðstefnu kaupsýslu-
manna, er haldin verði í Banda-
ríkjunum í nóv. n.k. Í bréfinu
er spurst fyrir um það hvort
félagið hafi nokkurt mál
sem það sérstaklega vilji
fela fulltrúum ráðsins að
taka til meðferðar eða athugunar
í þessari för.

Eftir nokkrar umræður komst
fundurinn að þeirri niðurstöðu
að félagið hefði ekkert slíkt
mál til að fela þessari sendinefnd
til sérstakrar meðferðar.

Fyrir fundinum lá inntöku-
beiðni frá Guðmundi Ólafssyni
skókaupmanni, Garðastr. 13a þar
sem vitað var að hann fullnægði
þeirri grein félagslaganna, sem
fjallar um inngöngu í félagið, var
hann samþykktur í einu hljóði
og ritara falið að tilkynna
honum það.

Fundarmönnum var tilkynnt að
gúmmískófatnaði þeim, er kominn
væri til landsins, yrði úthlutað
næstu daga.

Einnig var rætt um nýverðlags-
ákvæði sem auglýst hefðu verið
en þar sem þau næðu ekki til
þessarar verslunargreinar, að undan-
teknum skóáburði o.fl. taldi fundurinn
ekki ástæðu til að ræða það
mál frekar. Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið

Óli J. Ólason
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Félagi ísl. skókaupmanna, í V.R. húsinu þ. 9. febr. 1945.

Mættir voru á fundinum allir innanbæjar félagsmenn að undanteknum Stefáni Jónssyni og Guðm. Ólafssyni.

Lesin var fundargerð síðasta fundar og samþykkt.

Aðalefni fundarins var að ræða um Ameríkukvótann í leðurskófatnaði fyrir árið 1945. Gat formaður þess að hann hefði orðið var við að félagsmenn teldu barnaskófatnaðarskammtinn of lítinn eða aðeins 14.3%. Við umræðurnar upplýstist að þarna væri átt við smábarna og barna (infants & childs) stærðir upp í nr. 10-12 en stærðir þar fyrir ofan féllu undir annan skófatnað.

Stjórninni var falið að ganga úr skugga um þetta atriði hjá Viðskiptaráði, og svo fremi að þessi skilningur reyndist réttur, mundi ekki vera ástæða til frekari aðgerða í málinu.

Ennfremur var rætt um innheimtu á aukafélagsgjaldi til að standa straum af sérstökum útgjöldum sem lægju fyrir félaginu að greiða í næstunni. Komu fundarmenn sér að mestu leyti saman um niðurjöfnun gjaldsins, en í því efni ekki tekin endanleg ákvörðun að því er snerti 2 verslanir. Gjaldkera félagsins falið að annast innheimtu gjaldanna næstu daga og leggja það sem inn kæmi í sérstaka bankabók sem stjórn félagsins gæti borgað út úr, eftir því sem samkomulag yrði um. Nokkrar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var og rætt um Englands-
viðskipti, ~~og~~ en eftir þeim
upplýsingum sem fyrir láu
frá Verslunarráði Ísl. og sendiherra
Ísl. í London, mundu litlar
líkur fyrir því að leðurskó-
fatnaður fengist þaðan á
næstunni.
Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið

Rvík 9/2 45

Stefán Gunnarsson Óli J. Ólason
ritari

Stjórnarfundur í Fél. ísl. skókaup
manna var haldinn þ. 8. mars
Fyrir lá bréf frá Skóv. B. Stefáns.
þar sem hann óskaði eftir
umsögn stjórnarinnar um
sérstakt mál samkv. bréfinu og
svaraði stjórnin því, án þess
að telja það álit félagsins, fyr
en það mál hefir verið rætt á
fundi.
Ákveðið að greiða ~~st~~ af
~~Sk. Ísl. vegna~~ innkomnu
aukafélagsgjaldi Kr. 7000/-
samkv. því sem talað var
um á síðasta félagsfundi
Gjaldkera falið að koma
upphæðinni áleiðis.
Félagsfundur ákveðinn ein-
hvern næstu daga.

Stefán Gunnarsson Rvík 8/3 45
Lárus G. Jónsson Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Fél. ísl. skókaupmanna 19. mars 1945 í Húsi V.R. Kl. 3. e.h.
Á fundinum mætti í fyrsta sinn Guðm. Ólafsson skókaupm., og bauð formaður hann velkominn í félagið. Ritari las síðustu fundargerðir og voru þær samþykktar.
Fyrir fundinum lá umtökubeiðni frá Aðalstræti 4 h/f og var hún samþykkt með öllum atkvæðum og ritara falið að tilkynna viðkomandi það. Þá skýrði formaður Gúmmíinnkaupanefndar Ó.J.Ó. frá því hvernig stæði með innkaup á gúmmískófatnaði frá Ameríku, skýrði hann frá að fyrir lægi að senda pöntun fyrir fyrrihluta árs 1945

og afhenti fundarmönnum eyðublöð til útfyllingar, fyrir væntanlega pöntun þeirra af þeim tegundum sem fáanlegar væru, var nokkuð rætt um þetta mál.
Formaður skýrði frá því að stjórnin hefði hugsað sér að taka til umræðu launamál o.þ.u.l. á þessum fundi og var nokkuð rætt um það á við og dreif, töldu fundarmenn nauðsyn á því að koma á samræmi innan félagsins bæði um launa-„skala“ og önnur ráðningarkjör fólks sem vinnur við skóverslanir. Þar sem á fundinum vantaði nokkra félagsmenn, var ekki gengið frá þessu máli, en stjórninni falið að athuga um slíka samninga hjá öðrum félögum í bænum og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórninni falið að tilkynna þetta Viðskiptaráði.

Því næst voru kosnir 2 menn í fulltrúanefnd V.Í. og hlutu kosningu Jón Bergsson með 4 atkv. og Óli J. Ólason með 3 atkv. Varamenn í sömu nefnd voru kosnir þeir Stefán Gunnarsson og Torfi Jóhannsson.

Þá fór kosning fulltrúa í Félagasamband Smásöluverzlun og hlaut kosningu Torfi Jóhannsson auk formanns sem er sjálfkjörinn. Varamenn þeirra voru kosnir Gunnar Pétursson og Björn Ófeigsson.

Þá las formaður upp inntökubeiðni frá firma Skóbúðin, Keflavík en þar sem nefnt firma telst ekki uppfylla að fullu skilyrði um upptöku samkv. félagslögunum, var stjórninni falið að tala við eigendur firmans þessu viðvíkjandi.

Í þessu sambandi var nokkuð rætt um smábreytingu á þessu atriði félagslaganna, sem æskilegt væri, um að þeir sem hefðu lokið sveinsprófi í skósmíði ættu að hafa sama rétt og þeir sem unnið hafa við skóverzlun.

Jón Bergsson minntist á hvort ekki væri rétt að taka upp starfsaðferðir Innkaupasambands vefnaðarvörukaupmanna um gúmmí úthlutunina, en aðrir fundarmenn voru á þeirri skoðun að sú stofnun væri ekki til fyrirmyndar um slíka hluti.

Einnig var nokkuð rætt um launamálið og stjórninni falið að halda áfram athugun og undirbúningi þess með aðstoð Gunnars Péturssonar. Fleyra gjörðist ekki.

Rvík 9/5 1945

Stefán Gunnarsson

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 5/9 '45 var
Stjórnarfundur í Félagi ísl. skókaupmanna var haldinn í skrifstofu Stefan Gunnarss. í Austurstr. 12. Allir stjórnarmeðlimir mættir.

Tekin var fyrir umsókn frá hr. kaupm. Gunnari Thorarensen, skóverzl. York um upptöku í félagið. Þar sem að hann uppfyllir skilyrði laga ~~laganna~~ félagsins var umsóknin samþykkt með öllum atkvæðum stjórnarinnar, og ritara falið að skrifa honum ákvörðun stjórnarinnar í þessu efni. Ákveðið að boða til aðalfundar föstud. 28. sept. n.k. Fleyri gjörðist ekki.

Stefan Gunnarsson Óli J. Ólason
Lárus G. Jónsson

1945 til sept '46

Aðalfundur í Félagi ísl. skókaupmanna var haldinn í V.R. húsinu, föstudaginn 28. sept '45 kl. 3. e. h.

Allir félagsmenn í Rvík og Hafnarfirði voru mættir samtals 12.

Formaður félagsins Stefan Gunnarsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Lesin var fundargerð síðasta fundar og samþykkt.

Fyrst las formaður skýrslu félagsstjórnarinnar um starfsemi félagsins á árinu og ýmislegt því viðvíkjandi, er skýrslan vélritud og gat formaður þess að hún yrði send þeim félagsmönnum út um land sem ekki hefðu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sótt þennan fund, eða að minsta kosti útdráttur úr honum.

Þá las gjaldkeri Lárus Jónsson reikninga fjelagsins fyrir liðið starfsár, sem sýndu sjóðseign kr. sem er kr. meir en á síðasta ári.

Formaður gúmmí innkaupanefndar Óli J. Olason gaf þvínæst skýrslu um störf þeirrar nefndar og upplýsti fundarmenn um hvað væri væntanlegt af gúmmískófatnaði á næstunni. Einnig lagði hann fram endurskoðað uppgjör yfir 2 úthlutanir sem gáfu fjelaginu í hagnað kr. 9.517.31, sem gjaldkeri tók við í fjelagssjóð.

Næst var gengið til stjórn-

-arkosningar, fyrst var kosinn formaður og þvínæst 2 meðstjórnendur. Formaður var kosinn

Stefán Gunnarsson með 9 atkv.
Jón Bergsson fekk 2 atkv.
Meðstjórnendur voru kosnir
Óli J. Olason með 9 atkv
Lárus Jónsson – 8 –
Jón Bergsson fekk 4 atkv. aðrir minna

Endurskoðandi var endurkjörinn Björgúlfur Stefánsson.

Þvínæst var rætt um lagabreytingu, um að bæta við 5 gr. fjelagslaganna að skósmíðameistarar sem opnuðu skóverslun skyldu frá inngöngu í fjelagið þó þeir hefðu ekki haft opna skóverslun í 2 ár. Fundarmenn voru fremur andvígir ~~að~~ þessari breytingu og var þá tillagan dregin til baka

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kom því ekki til atkvæða. Einnig hreyfði Óli J. Ólason því að hann teldi rétt að breyta um nafn á félaginu þannig að í stað Félag ísl. stórkaupm. kæmi t.d. Stórkaupmannafél. Ísl. eða þ.u.l. Benti hann á að núverandi nafn væri svo líkt nafni Fél. ísl. stórkaupm. að oft færu bréf, skeyti og jafnvel peningasendingar í misgripum. Þar sem engin ákveðin tillaga lá fyrir í þessu efni, var þetta aðeins rætt en engin ákvörðun tekin.

Torfi Jóhannsson lagði til að uppgjör um Gimmsstöðvabreytinguna yrði fært inn í aðalbók, eins og hann hefði lagt til s.l. ár. Ritari upplýsti að fyrsta uppgjörið hefði þegar verið fært inn, og slíkt mundi

að sjálfsögðu einnig verða gert með þessi nýju uppgjör.

Þá var nokkuð rætt um þær nýju tillögur um lokunartíma sölubúða. Torfi Jóhannsson benti á það mikla misræmi um vinnutíma verzlunar- og skrifstofufólks, margir tóku til máls um þetta efni var yfirleitt samþykkt samhljóða að halda sig við þá tillögu sem stjórn félagsins hafði í bréfi dags. 24/9 til Verzlunarráðs Íslands, tjáð sig fúsa að ganga að, um að lokað skuli yfir vetrarmánuðina kl. 4 á laugardögum en kl. 6 alla aðra virka daga.

Formaður gat þess að nýlega væri komnar fram tillögur um launakjör verzlunarfólks og mundi það mál verða

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekið til umræðu á fundi mjög bráðlega.
Þá bar Björgólfur Stefánsson fram eftirfarandi tillögu:
„Legg það tillögu fyrir aðalfund í Félagi ísl. Skókaupmanna 1945 að öllum mánaðarlegum reikningsviðskiptum verði algerlega hætt og að skotið verði á öðrum fundi bráðlega til að ræða þetta mál frekar vegna ónógs undirbúnings.“
Nokkrar umræður urðu um tillögu þessa og sýndist sitt hvorum í málinu, að lokum var ákveðið að fresta frekari umræðum til næsta fundar.
Björgólfur veitti kaffi, te og kökur.
Fleyra gjörðist ekki, fundi slitið
Rvk 28/9 '45
Stefán Gunnarsson Óli J. Ólason

Fundur var haldinn í Félagi ísl. Skókaupmanna, miðvikudaginn 14. nóv. 1945, í húsi V.R. kl. 3 e.h. Á fundinum voru mættir 8 félagsmenn úr Rvk.
Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt.
Þarnæst lesið bréf frá Verzlunarráði Íslands, um að félagið tilnefndi 1 mann í nefnd, sem fjalla á um launakjör verzlunarfólks.
Fyrir fundinum lágu tillögur í þessu efni, sem Félag Matvörukaupmanna og Félag vefnaðarvörukaupman höfðu samið, voru þessar tillögur ásamt frumvarpi launakjaranefndar V.R. ræddar á víð og dreif.
Til að taka sæti í þessari

nefnd var kosinn
hr. kaupm. Gunnar Pétursson
og honum til aðstoðar og
sem varamaður í nefndina
var kosinn hr. kaupm. Gunnar
Thorarensen. Var þeim
falið að athuga þau
launakjör sem nú ríkja
hjá félagsmönnum yfirleitt
og leggja þau til grund-
vallar tillögum sínum
í væntanlegri nefnd, en
að hafa samráð við félags-
stjórnina sem ef þurfa
þætti kallaði saman annan
félagsfund um málið.
Fleyra gjörðist ekki.
Fundi slitið.
Gunnar Pétursson veitti
kaffi, te og brauð dagsins
Rvík 14/11 45.
[signature] Oli J. Olason

Fundur var haldinn í Félagi
ísl. skókaupmanna í V.R.
húsinu föstudaginn 25 jan.
1946 kl. 3 e.h. 9 félagsmenn
úr Rvík mættir á fundinum.
Lesin fundargerð
síðasta fundar og samþykkt.
Formaður skýrði frá
samtali sem hann hafði
átt við form. Viðskiptaráðs
hr. Odd Guðjónsson og ritari
las bréf sem félagsstjórnin
hafði sent Viðskiptaráði
þann 21. þ.m. um útflutnings
leyfa fyrir 1. ársfjórðung
þ. árs frá Ameriku.
Gunnar Pétursson skýrði
frá launakjarasamningi þeim
sem gerður hafði verið við
Verslunarmannafélag Reykjavíkur
og sem hann hefði samþykkt
fyrir hönd síns félags, sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fulltrúi í nefnd þeirri
frá félögum atvinnurekanda
sem undirbúið hafði þessa
samninga.

Gunnar Thorarensen átaldi
að samningur þessi hefði
ekki verið borinn undir fé-
lagsfund, áður en hann náði
samþykki. Gunnar Pétursson
skýrði frá því, að á meðan samn-
ingarnir voru í undirbúningi
hefði hann, ásamt Gunnari Thoraren-
átt fund um málið með stjórn
félagsins, hefði þar sérstaklega
komið fram tillögur um
að tekið yrði tillit til sér-
menntaðs verslunarfólks og að
Kron yrði haft með í samning-
unum, svo það gæfist ekki kostur á
að semja sérstaklega. Þessar
tvær tillögur hefði báðar gengið

fram, eins og samningarnir bera
með sér. Þá aftur á móti
hefði þess ekki verið kostur að
leggja samningsfrumvarpið fyrir
almennan félagsfund, þar sem
það hefði verið, á þessu stigi
málsins, leyndarmál, sem nefndar-
menn fengu naumlega að bera
undir stjórnir félaga sinna, enda
hefði ekkert félagið fengið að
ræða samningana áður en þeir
voru undirritaðir, ekki heldur
V.R. Nokkrar umræður urðu
um þetta atriði og einnig um
hvernig skilja bæri ýmis atriði
samningsins.

Lárus Jónsson veitti kaffi
te og brauð dagsins. Björgúlfur mætti
í hinum nýja bíl sínum, í fyrsta sinn,
annaðist hann útréttingar fyrir framhald
fundarins, og sátu félagsmenn nokkra
stund í góðu yfirlæti. Rvík 25/1 1946

Stefán Gunnarsson Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Fél. ísl. skókaupmanna þann 13. febr. 1946 kl. 3. e.h. í V.R.-húsinu. Allir félagsmenn í Rvk voru mættir að undanteknum Stefáni Jónssyni (alls 11)

Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

Formaður skýrði frá fundi, sem haldinn hafði verið í félagasambandi smásöluverzlana, þar sem kosinn hefði verið maður frá hverju sérgreinarfélagi í uppstillingarnefnd til Verzlunarráðs Íslands. Frá fél. ísl. skókaupmanna var kosinn hr. Torfi Jóhannsson, sem nú þegar hefði ~~setið~~ fyrsta fund í uppstillingarnefndinni. Torfi skýrði

þvínæst frá þeim tillögum sem fram hefðu komið, um að minstu félögin drægju sig til baka í þetta sinn og stilla upp frá smásala-hálfu, þeim: Árna Árnasyni, H. Biering og Gísla Gunnarssyni Hafnarfirði, þar sem talið var að slík uppstilling mundi líklegust til framdráttar. Til máls tóku auk formanns Jón Bergsson, Gunnar Thorarensen, Stefán Gunnars. og Óli J. Ólason.

Gunnar Thorarensen kom með tillögu um að reyna að sameina fylgi Hafnfirðinga og skókaupmanna með því að stilla upp hr. Árna Matthíass. í stað Gísla Gunnarss., var þessi tillaga samþykkt í einu hljóði.

Fram kom tillaga frá

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björgúlfi Stefanssyni, um að fundargerðir yrðu bókaðar í fundabók á sjálfum fundunum og lesnar uppi í fundarlok. Var tillaga þessi samþykkt mótatkvæðalaust með 5 atkvæðum.
Formaður skýrði frá samtali við formann Viðskiptaráðs, þar sem hann hefði upplýst að svo mikið væri ónotað af leyfum, að ekki mundu verða veitt ný leyfi meðan svo stæði. Til máls tóku um þetta B. Stefánsson, Gunnar Petersen, Jón Bergsson, Óli J. Ólason, Lárus Jónsson og Gunnar Thorarensen.
Tillaga frá Gunnari Thorarensen og fleirum um að stjórnin skrifi bréf viðvíkjandi Ameríku-útflutninum og fari með það í fund Viðskiptaráðs, með öllum þeim rökum sem hún teldi þóst að beita í málinu. Var tillaga þessi samþykkt með öllum atkvæðum.
Fleyra gjörðist ekki, fundi slitið.

Óli J. Ólason
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn í fél. ísl. skókaupm. í V.R. húsinu 8. apríl, 1946.

Formaður minntist Árna Mathiesen, verslunarstjóra í Hafnarfirði, sem lést aðfaranótt 8. þ.m. og vottuðu fundarmenn hinum látna virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Því næst las form. bréf frá Verslunarráðinu, en það óskaði umsagnar, ~~við~~ fyrirspurn, sem því hafði borist frá utanríkis-ráðuneytinu um tillögur varðandi það, hvar heppilegt væri að kjörræðismenn væru víðar um lönd, en nú er.

Form. las ennfr. svarbréf stjórnar~~innar~~ félagsins við fyrirspurn þessarri.

Þá las form. bréf til verslunar-ráðsins varðandi álagningu á skófatnað.

Björgúlfur Stefánsson skýrði frá því, að nú stæði yfir úthlutun á gúmmískófatnaði.

Jón Bergsson, sem er í úthlutunar-nefnd á skófatn. átaldi það, að hann hefði ekki verið kvaddur til úthlutunar þessarar.

Jón Bergsson skýrði frá ákvörðunum sem teknar höfðu verið í sambandi við kosn. í Verslunarráð, á fundi, sem haldinn var í morgun.

Kosin var nefnd til að endurskoða lög félagsins og skila tillögum um breytingar fyrir næsta aðalfund. Hlutu þessir kosningu: Gunnar Thorarensen, Óli J. Ólason og Björn Ófeigsson.

Ritari og gjaldkeri voru fjarverandi (í siglingu).

Í fjarveru ritara
Björn Ófeigsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Fél. ísl.
Skókaupmanna þriðjud. 3. sept.
1946 í V.R. húsinu. Mættir voru
á fundinum 9 félagsmenn í Rvík
og Hafnarfirði.

Formaður vakti máls á
því að aðalefni fundarins
væri að ræða um væntan-
legan frílista, sem nú væri
á undirbúningi, skýrði hann
frá því að hann hefði haft
tal af formanni Viðskipta-
ráðs um þetta efni, og hefði
hann upplýst að allur skó-
fatnaður ~~verð~~ sé á frílista
en nú standi á afgreiðslu
Ráðuneytisins um málið.

Jón Bergsson kom með
tillögu um að kjósa nefnd
til að fara á fund ~~verslunar~~ viðskipta-mála-
ráðherra til að herða á afgreiðslu málsins.
Til máls tóku flestir fundarmenn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í þessa nefnd voru kosnir
Jón Bergsson, Gunnar Thorarensen,
Óli J. Ólason, var þeim falið
að hafa tal af ráðherranum
og ef til vill skrifa honum
bréf um málið. Sömu
nefnd falið að fara á fund
Viðskiptaráðs, til að gera
ítrekaðar tilraunir um að fá
leyfi fyrir skófatnaði frá Ameríku
Björgúlfur Stefánsson óskaði
þess að aðalfundur yrði haldinn
fyrir 20. þ.m.
Einnig var rætt um hið venju-
lega ferðalag félagsins, ákveðið
að fara í kring um 10. þ.m.
Þeim Björgúlfi, Gunnari Péturssyni
og Birni Ófeigssyni falið að sjá
um þessa ferð.
Fleira gjörðist ekki fundi slitið
Stefán Gunnarsson Óli J. Ólason

Aðalfundur félags ísl. skókaup-
manna var haldinn fimtudaginn
þ. 19. sept. 1946 í V.R. húsinu Kl. 3 e.h.
Mættir voru allir félagsmenn
í Rvík og Hafnarfirði samtals 12.
Formaður setti fundinn
og stjórnaði honum.
Fyrst las ritari skýrslu
stjórnarinnar fyrir s.l. ár var
hún ekki rædd sérstaklega.
Því næst las gjaldkeri reikn-
inga félagsins, sýndu þeir sjóðs
eign Kr. 13.489.63 á móti Kr. 4553.66
á síðasta aðalfundi. Voru reikningar
samþykktir með öllum atkvæðum.
Næst var borið undir atkvæði
fundarins hvort lagabreytingar
skuli teknar fyrir á undan stjórn-
arkosningu, var það samþykkt
mótatkvæðalaust.
Þá hafði Gunnar Thorarensen

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

orð fyrir laganefnd, skýrði
hann frá því að nefndin hefði
orðið sammála um allar þær
breytingarnar, en væru fúsir
að taka til greina þær breytingar
sem fram kynnu að koma og til
bóta gætu orðið.

Var því næst tekið fyrir
lagafrumvarpið grein fyrir grein
Voru laga~~[illegible]~~ greinarnar
samþyktar á eftirgreindan
hátt: 1. með 10 atkv., 2. 3. 4. 5
6. 7. 8. með öllum atkvæðum. 9 gr.
var breytt þannig: að í stað orðanna:
„hversu fáir félagar sem sækja hann"
komi: ef ~~fullur~~ helmingur félags-
manna eru mættir;
10 gr. með öllum atkv. 11 gr. með
6 atkv. gegn 4. 12. 13. 14. 15. 16. 17.
og 18. grein með öllum greiddum
atkvæðum. Þannig breytt voru
lögin borin undir atkvæði

í heild og samþykt með
öllum greiddum atkvæðum.

Næst var gengið til stjórn-
arkosningar og voru þessir
kosnir:

Formaður Jón Bergsson með
6 atkv. Stef. Gunnarss. fékk 5 atkv.
Meðstjórnendur: Björn Ófeigs
og Gunnar Thorarensen með
7 atkv. hver. Lárus Jónsson
og Óli J. Ólason fengu 4 hver
Varamenn: Björgúlfur Stefánsson
með 6 atkv. og Guðm. Einars.
með 5 atkv.

Endurskoðendur: Gunnar
Pétursson og Lárus Jónsson
með lófataki.

Því næst tók Björgúlfur
Stefánsson til máls og óskaði
nýju stjórninni til hamingju.
Þá las fyrv. formaður Stefán
Gunnarsson upp 2 bréf frá

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verslunarráði Íslands um
að félagið tilnefndi mann
í verðlagsnefnd og annan
til umræðu um lokunartíma
sölubúða.
 Í verðlagsnefnd var kosinn
Óli J. Ólason og til umræðu
um lokunartímann var
kosinn Gunnar Pétursson
x) Þá óskaði fráfarandi
formaður nýju stjórninni
til hamingju og sagði
fundi slitið
x) Fleyra gjörðist ekki
fundi slitið

x) Gunnar Pétursson kvaddi sér
hljóðs og þakkaði fráfarandi
stjórn fyrir vel unnið starf
var tekið undir það með lófatak.

Rvk. 19/9 46

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1946, 24. sept. var haldinn fundur í stjórn Skókaupmannafélagsins. Skifti stjórnin með sér verkum og var Gunnar Thorarensen kjörinn gjaldkeri og Björn Ófeigsson ~~gjaldkeri~~ ritari.

Var ritara falið að svara bréfum sem borist höfðu frá Verslunarráði.

Samþykkt var að stjórnin aflaði uppl. frá Viðskiftaráði um skiftingu á kvóta fyrir skófatnað, milli smá-kaupm. stórkaupm. og kaupfélaga. Ennfr. að leggja fyrir næsta fund félagsins tillögur um aukningu á kvóta smákaupmanna og lagfæringar á ~~honum~~. Tillögurnar, sem að ofan eru nefndar, skulu bornar fram, eftir að vitneskja er komin frá Viðskiftaráði um kvótaskiftingu.

Fundi slitið

Jón Stefánsson [signature]
Björn Ófeigsson
Gunnar Thorarensen [signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 27. sept. 1946
kom stjórn Skókaupm. félagsins saman á fund á heimili Jóns Bergssonar.

Auk stjórnarinnar var viðstaddur Gunnar Pétursson, kaupm.

Gaf hann skýrslu um árangur af viðræðum milli Verslm. fél. Rvíkur og kaupm. félaganna um breytingar á lokunartíma sölubúða.

Lýsti stjórnin sig samþykka breytingartillögunum um lokunartíman í aðalatriðum og fól Gunnari Péturss. að annast framhald þessara samninga.

Björn Ófeigsson
Gunnar Pétursson
Jón Bergsson

Föstudaginn 11. okt. 1946
var fundur haldinn í Skókaupmannafélaginu í húsi Versl. mannafél. Reykjavíkur.

Fundarefni: Skýrsla Gunnars Péturssonar um nýjar tillögur um lokunartíma sölubúða.

Skýrði hann frá því að samkomulag hefði náðst um það, að breytingartillögur um lokunartíma sölubúða væru ekki bornar fram nema er samningar um kaup stæðu yfir.

Aðalbreytingar á lokunartímanum eru þessar.
Lokað sé kl. 12 á laugard. frá 30. apríl til 1. okt. í stað 15/5 til 15/9
Einnfr. að ~~síðasta verkam dag fyrir aðfangad.~~ á aðfangad jóla og gamlársd. skuli hafa opnar versl. til kl. ~~24~~ 13 í stað kl. 16.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður las upp bréf frá viðskiftaráði, sem var svar við bréfi nefndar þeirrar, er starfar að því að útvega innf. og gald. eyrisleyfi fyrir skófatnaði. Stefán Gunnarsson stakk upp á því að stjórn félagsins tæki að sér störf nefndar þessarar. Var það borið undir fundinn og samþ. að nefndin starfaði áfram.

Lesið var upp bréf frá Verslunarráði um að félagið kysi mann í nefnd til að sjá um að aukið yrði á fjölbreytni og hátíðleik ~~Verslunarmanna~~-frídagsins. Var Þorf. Jóhannesson kosinn.

Gunnar Pétursson bar fram tillögu um það, að næsti aðalfundur yrði haldinn í janúar n.k. en ekki í janúar 1948.

Jón Bergsson sagði að fyrir kosningar á síðasta aðalfundi hefði verið samþ. að næsti aðalfundur yrði haldinn í janúar 1948 en láðst hefði að bóka það.

Ýmsir fleiri tóku til máls með og móti.

Guðm. Ólafsson bar fram þá br. till. að vísa þessu til stjórnarinnar og leggja það fyrir næsta fund. Var þessi till. borin undir atkv. og feld með 5:5. Till. Gunnars var þá borin undir atkv. og feld með 5:5.

Fundarmenn voru: Jón Bergsson, Björgúlfur Stef. Stefán Gunnars. Óli J. Ólas. Lárus Jónsson Guðm. Ólafsson, Þorgils G. Einarsson Gunnar Pétursson Þorf. Jóhannesson Björn Ófeigsson

Sem fulltrúi í samband smásöluversl. var kosinn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björgúlfur Stefánsson

Jón Bergsson

B. Stefánsson
Björn Ólafsson

Miðv.d. 16. okt. Kom stjórn Skókaupmannafél. og Björgúlfur Stefánsson varastjórnandi saman að Hótel Borg.

Formaður, Jón Bergsson, skýrði frá því, að nýlega hefðu formenn allra sérgreinafélaga kaupmanna setið fund saman og hefði þar verið til umræðu, hvort ekki bæri nauðsyn til að óska þess, að Viðskiftaráð felldi úr gildi, um næstu áramót, öll ónotuð gjaldeyris- og innfl. leyfi, sem gefin hafa verið út fyrir 1. júlí 1946, nema handhafar þeirra gætu sannað, að þeir hefðu ráðstafað þeim.

En vitað er, að mikið er enn ónotað af leyfum og Viðsk.ráð ber því við, er það neitar mönnum nú um leyfi fyrir nauðsynjum.

Óskaði form. eftir áliti meðstjórnanda sinna og voru menn á einu máli um nauðsyn þessa og fólu form. frekari aðgerðir í þessa átt.

Reykjavík, 16. okt. 1946

Jón Bergsson    Björn Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimtud. 7. nóv. 1946 hélt stjórn Skókaupmannafél. með sér fund að Hótel Borg.

Formaður las upp bréf, sem borist hafa frá þessum kaupm.: Gísli Farmdal, Siglufirði, Sigurði Pálmasyni, Hvammstanga Bræðrunum Einarsson, Raufarhöfn Kr. Gíslason, Sauðárkróki.

Voru bréfin öll harðorðar umkvartanir vegna sendinga á gúmmískófatnaði til þeirra frá félaginu.

Vegna þess, að um veruleg mistök virðist vera að ræða á þessum málum hjá gúmmíúthlutunarnefnd, þá var eftirfarandi samþykkt á fundinum:

Stjórn félagsins óskar eftir því, að gúmmíúthlutunarnefnd leggi fram fullnaðarreikningsuppgjör á störfum sínum til dagsins í dag, fyrir kl. 12 á hád. 11. þ. m. Var ritara falið að tilkynna nefndinni þetta skriflega og svara bréfum nefndra kaupmanna með símskeytum, með loforði um fullar uppl. bréflega við fyrsta tækifæri.

Reykjavík, 7/11 '46

Gunnar Þorvarðarson, Jón Loftsson, Björn Ófeigsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánud. 11/11 '46 kom stjórn Skókaupmannafélagsins saman á fund í Hotel Borg kl. 9½ f. h.

Formaður, Jón Bergsson, las upp bréf frá gúmmíúthlutunarnefnd ~~ásamt~~ einnig undirritað af Gunnari Péturssyni, sem er endurskoðandi reikninga ~~nefndar~~ gúmmíúthlutunarnefndar.

Var bréf þetta rætt og eftirfarandi samþykkt:

Vegna bréfa, sem umgetur í bókun stjórnarfundar 7/11 '46 og í felast harðorðar umkvartanir á úthlutun og starfsaðferðum gúmmíúthlutunarnefndar, verður ekki hjá því komist að krefjast þess að gúmmíúthlutunarnefnd ~~skili~~ afhendi stjórn félagsins fullnaðaruppgjör ásamt fylgiskjölum frá byrjun til dagsins í dag og verði þessi gögn komin í hendur stjórnarinnar fyrir kl. 6 e.h. 13/11.

Var ritara falið að skrifa nefndinni bréf um þessa ákvörðun þegar í stað.

Reykjavík 11. nóv. 1946

Gunnar [illegible], Jón Bergsson, Björn Ófeigsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Skókaupm. félaginu þriðjud. 19. nóv. 1946.

Fundarstjóri var kosinn Torfi Jóhannsson og tilnefndi hann Björn Ófeigsson sem fundarritara. Fundarstjóri gat þess, að þessi fundur væri haldinn samkv. ósk Björgúlfs Stefánssonar og Gunnars ~~Stefánss.~~ Péturssonar. Var Björgúlfi Stefánss. ~~var~~ því næst gefið orðið. Gat hann þess hvernig gúmmínefndirnar eru til orðnar og hverjir voru kosnir í þær. Var hann með till. um að nefndin gefi uppgjör 2 mán. eftir úthl. næstu sendinga.

Næstur tók til máls Jón Bergsson: Og spurði gúmmínefndina þessara spurninga.

Er það ekki rétt að gúmmíúthl. nefnd hafi selt félagsmönnum án 2% þóknunar sem þeir láta alla aðra kaups. menn greiða sem heimiladar eru sem þóknun fyrir dreifingu

Svöruðu Björgúlfur Stefánsson og Gunnar Pétursson því báðir að þessi ~~f~~ 2% þóknun hafi ekki verið tekin af félagsmönnum í Reykjavík.

Fundarstj. spurði Jón Bergss. hvenær Gunnar Péturss. hefði verið kosinn í gúmmíúthl. nefnd.

Fundarstj. spurði form. hvort ávalt hefði verið fært í aðal. bók lokatölur hverrar úthlutunar.

Gunnar Pét. svaraði fyrri spurn. þannig að hann hefði verið nefndinni til aðstoðar og hefði einnig haft hagsmuna að gæta vegna ábyrgðar á tryggingarvíxli vegna gúmmíkaupa. Hefði hann og komið í stað Gunnars Stefánss. er forfallaðist.

Jón Bergsson hafði getið þess að gúmmínefndin hefði álitið nefndina jafnvel einkafyrirtæki

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Pétursson viðurkenndi
að hér væri ekki um einkafyrirtæki að ræða
né heldur starfaði nefndin
fyrir skókaupm. félagið. Jón
Bergsson svaraði þessu þannig
að eftir að stjórnin sendi nefndinni
ósk um uppgjör frá hefði Gunnar
Pétursson hringt til sín og
neitað algerlega að uppgjör
~~væri~~ yrði nokkurntíma gefið því hér
væri um einkafyrirtæki að
ræða.

Næstur talaði Gunnar Thorarensen
og gat þess að tilefnið til beiðni
um uppgjör nefndarinnar var
4 bréf sem borist hafa utan af
landi. Las hann þau upp.
Ennfr. las hann upp útdrætti
úr fundargerðum sem varðaði
nefndina. Taldi hann óverjandi
að annar endurskoðandi gúmmí-
úthl.nefnd Gunnar Pétursson,

starfaði einnig í nefndinni.
Gunnar Pétursson svaraði ræðu
Gunnars Thorarensen viðvíkjandi
bréfum kaupm. út á landi. ~~A~~
Taldi hann það hafa verið venju að
reikna Kr. 2,00 á kassa í akstur.
Einnig að nefndin úthlutaði
vörunum eftir lista Viðsk. ráðs
en kaupm. ekki látnir vita fyrirfram
um þær vörur er þeir fengju í hvert
sinn. Hvað vöxtunum viðvíkur, vitnaði hann í ræðu D. stj. ~~viðvíkjandi~~ vöxtum og sagði
hann að Jóni Bergss. hefði ekki
tekist að fá reikn. vexti við
síðustu úthlutun.
Ennfr. lýsti Gunnar Péturss.
því yfir að ósannindi væru að
hann hefði viðhaft þau orð í
símtali sem bókað er áður.

Jón Bergsson taldi það lítils
virði að samþ. á fundum áður
að, gefa uppgjör eftir hverja
úthlutun en það hafi ekki verið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gert. Las hann upp verðlagsútreikn.
frá nefndinni og gat þess að ofan
á allan venjul. kostnað væri
„annar kostnaður" reikn. um 12%
og fanst m.a. af þeirri ástæðu
~~væru~~ sem virtist einkennileg, vera
ástæða til að gúmmínefndin
gæfi skýrslu nú þegar.

Lárus Jónsson tók það fram
að gefnu tilefni að Jón Bergsson
hefði ekki verið „hundsaður" í
gúmmíinnkaupanefnd, að því er hann vissi.

Gunnar Thorarensen sagði,
að sú krafa um uppgjör nefndar-
innar væri sanngjörn vegna
samþykkta sem í upphafi var
gert ráð fyrir og fyrirskipað.

Lárus Jónsson sagði að óvið-
unandi væri að ræða þetta mál
þegar formaður nefndarinnar væri
utanlands.

Jón Bergsson tók fram

að stjórnin hefði ekki óskað eftir
þessum fundi heldur menn úr
gúmmínefndinni og þeim hefði
verið kunnugt um fjarveru Óla
J. Ólasonar, form. nefndarinnar.
Las hann upp bréf frá Gunnari
Stefánssyni, gjaldkera nefndar-
innar, þar sem þess var óskað
að öll bréf viðv. innheimtu Landsbankans ~~greiðslur til nefndarinnar~~
kæmu beint til sín.

Gunnar Stef. óskaði að
Gunnar Pétursson svaraði fyrir
sig um bréf sitt. Sagði hann
að vegna þess að breytt hefði
verið um pósthólf væri þessi
ósk komin fram.

Björn Ófeigsson kvað það
vera skoðun sína að nefndinni
bæri, samkv. því sem sagt á
fundargerðum, sem gerðar hefði
verið, er nefndin var sett á
laggirnar, að ~~gefa~~ gera uppgjör

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir hverja úthlutun og þótt engin gagnsemi, á nefndina hefði komið, þá bæri stjórninni samt sem áður skylda til að krefjast uppgjörs, þar sem meira en ~~ár~~ væri liðið frá síðasta uppgjöri.

Torfi ~~kvað~~ Jóhannsson kvað ofl. koma kvartanir utan af landi frá nöldurs-seggjum, eins og þeim sem við slík viðsk. ~~hefðu~~ stundað kannaðust við. Fannst honum ókurteisi að fara fram á að nefndin gerði uppgjör nú og studdi till. Björgúlfs Stefánssonar um að uppgjör væri gert tveim mánuðum eftir næstu úthlutun.

Gunnar Þh. áréttaði enn stöðu Gunnars Péturss. innan nefndarinnar.

Gunnar Pét. sótnaði í fyrri ummæli sín. Sagðist vera ~~st~~ nefndinni til aðstoðar samkv. ósk fráfarandi ~~stjórnarinnar~~.

Björn Ófeigsson undirtók fyrri ástæður sínar um að nefndin komi með uppgjör. Ekki væri rétt að sú venja skapaðist innan fél. að nefndir gætu leikið lausum hala og gætu hagað störfum sínum öðruvísi en samþ. hefði verið er til þeirra væri stofnað.

Stefán Jónsson vildi fá það upplýst hver bæri ábyrgð á vélum félagsins.

Björgúlfur Stefánsson kvaðst ekki geta tekið mark á bókunum fundargerða, sem skrifaðar væru áður en sú regla komst á, að fara inn fundargerðir eftir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvern fund.

Gunnar Thorarensen sagði ~~að~~ viðvíkjandi ummælum Björgúlfs um, bókun að þessar fundargerðir væru undirr. af ritara og formanni Stefáns Gunnarssonar.

Till. frá Gunnari Thorarensen:

„Legg til að nafnakall verði viðhaft um tillögur þær, sem fyrir liggja" Var hún samþ. með yfirgnæfandi meirihl.

~~Með till~~ ~~Atkv.~~ Með till ~~stjórnar~~ Björgúlfs voru þessir:

Björgúlfur Stefánss.
Gunnar Pétursson
-"- Stefánsson
Sigurður Halldórsson fh. Skóbúð Reykjavíkur
Lárus Jónsson
Þorf. H. Jóhanns
Á móti:
Jón Bergsson
Guðm. Einarsson
Stefán Jónsson
Björn Ófeigsson
Gunnar Thorarensen

Guðm. Ólafsson sat hjá.

Till. var þannig:

Fundur haldinn í Skókaupmannafélaginu þann 19. nóv. 1946, óskar eftir því að Gúmmíúthlutunarnefnd félagsins leggi fyrir félagsfund lokauppgjör gúmmívöruskipta eigi síðar en tveim mánuðum eftir að síðasta úthlutun hefur farið fram.

Undirr. B. Stefánsson

Samþ. með 6:5. Sign.

Tillaga stjórnar félagsins:

„Fundurinn samþykkir, að gúmmíúthl.nefnd afhendi þegar í stað í hendur stjórnar félagsins öll gögn varðandi störf nefndarinnar og feli

stjórninni að láta löggilta endurskoðun ásamt endurskoðendum félagsins fara fram nú þegar.

Með þessari till. voru:

Guðm. Olafsson
Jón Bergs.
Guðm. Einars.
Stefan Jónss
Björn Óf
Gunna Thoran.

Á móti:

B. Stefánss.
Gunnar Péturssa
–"– Stefánss
Sigurður Halldórs. (Skób. Rvk
Lárus Jónss
Þorl. Jóh.

Feld með jöfnum atkv.

Önnur till. B. Stef.

Geri það að till minni, að Gunnar Péturssa verði kosinn meðlimur gjörnninni utbl. nefndar nú á þessum fundi.

Með:

Guðm. Ol.
B. Stef.
Gunnar Stef.
Lárus Jónss.
Sig. Halldórsson
Þorl. Jóh.

Á móti:

Jón Bergs.
Gunna Th.

~~Við~~ Sátu hjá:

Guðm. Ein
Stef. Jóns
B. Ófeigur

Samþ. með 6 á móti 2.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórninni að láta löggilta endurskoðun ásamt endurskoðendum félagsins fara fram nú þegar.

Með þessari till voru:
Guðm. Ólafsson
Jón Bergs.
Guðm. Einars.
Stefán Jónss
Björn Óf.
Gunnar Thorsen.

Á móti:
B. Stefánss.
Gunnar Pétursson
—"— Stefánss
Sigurður Halldórs. (Skób. Rvk
Lárus Jónss
Þorst. Jóh.

Feld með jöfnum atkv.

Önnur till. B. Stef.
Geri það að till minni, að Gunnar Pétursson verði kosinn meðlimur gjörðardóms útkl. nefndar nú á þessum fundi.

Með:
Guðm. Ól.
B. Stef
Gunnar Stef.
Lárus Jónss.
Sig. Halldórsson
Þorst. Jóh.

Á móti:
Jón Bergs.
Gunnar Th.

~~Voru~~ Sátu hjá:
Guðm. Ein
Stef. Jóns
B. Ófeigur

Samþ. með 6 á móti 2.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í samb. við útreik. á gúmmí ~~nefnd~~ skófatn. sem Jón Bergm. las upp gat Lárus Jónsson þess að þessi útreikn væri frá árinu 1945.

Reykjavík. 19/11 '46

Torfi Jóhannsson
fundarstjóri

Björn Ófeigsson
fundarritari.

Stjórn Skókaupm. fél. kom saman á fund 5 ~~d.~~ des. 1946 kl. 9½ f. h. að Hótel Borg.

Formaður lagði fram bréf með inntökubeiðni í félagið frá hr. kaupm. Pétri Andréssyni, Rvík og var samþ. að leggja hana fyrir næsta félagsfund.

Ennfr. lagt fram bréf frá hr. kaupm. Þorsteini Jóhnson Vestm.eyjum, þar sem hann óskar eftir að gúmmíúthl. nefnd geri upp viðskifti sín og að nefndin leggi fram reikninga og uppgjör til athugunar fyrir félagsmönnum. En ~~þó~~ með hliðsjón af félagsfundi sem haldinn var 19. nóv. s.l. kom stjórnin sér saman um að halda málinu vakandi og ~~til~~ ath. frekar möguleika á að fá í hendur þau gögn

gúmmíinnfl. nefndar, sem
áður getur um í fundargerðum
~~til~~ varðandi þessi málefni.

Reykjavík, 5/12 '46

Jón Zoëga Björn Ófeigsson

[illegible]

Fundur var haldinn í Skókaupm. fél.
þriðjud. 7. jan. 1947 kl. 11 f.h. í Tjarnarkaffi
Form. las upp bréf frá Viðskiftaráði
sem var svar við bréfum nefndarinnar
frá félaginu á s.l. hausti.
Lesið upp bréf frá Björgúlfi Stef.
og Óla J. Olas. þar sem þeir óskuðu
þess að hafnar ~~væru~~ yrðu viðræður
við Viðskiftaráð um leyfisveitingar á
árinu. Ennfr. lesnar upp umsóknir
frá herra kaupm. Pétri Andréssyni
Rvík og frá Olíver S. Jóhannessyni,
Skóbúð Hafnarfjarðar um inntöku í
félagið. Voru umsóknir þeirra beggja
samþ. með öllum atkvæðum.
Þá var gengið til kosningar um
fulltrúa í Verslunarráð. Voru Óli J.
Ólason og Lárus Jónsson kosnir.
Kosin var nefnd til að hefja
umræður við Viðskiftaráð um
leyfisveitingar á þessu ári. Skyldi
nefndin leggja áherslu á að fá

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi fyrir skófatnaði frá Englandi og Ameríku. Voru kosnir Jón Bergsso ~~og~~ Óli J. Ólason og Gunnar Pétursson.
Fundi slitið.

Jón Bergsson

Björn Ófeigsson
ritari

Stjórn Skókaupm. félagsins kom saman á fund á heimili Jóns Bergssonar, fimtud. 23. jan. 1947, kl. 10½ f. h.

Rætt var bréf, sem borist hefir félaginu frá þessum félögum þess: Stefáni Gunnarssyni, Skóbúð Rvíkur, B. Stefánssyni, Skóversl. Hector, Lárusi G. Lúðvígssyni, Skóversl. Þórðar Péturss.

Var þar krafist aðalfundar nú þegar. Stjórnin ályktar því: Á aðalfundi félagsins 19/9 '46 var samþ. að næsti aðalfundur yrði haldinn 1948. Þetta bókaði þá þáverand. ritari ~~þó~~ ekki.

Tillaga var borin upp á fundi í félaginu 11/10 '46 um að næsti aðalfundur yrði haldinn í jan. 1947. Var sú till. feld. Getur stjórnin því ekki orðið við kröfu nefndra félagsmanna.

Ennfr. var samþykkt að skrifa Landsbanka Íslands, Reykjavík, bréf, þar sem tilkynnt er um nafnbreytingu félagsins og stjórnarskifti.

Björn Ófeigsson Jón Bergsson

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til fundar var boðað í Skókaupmannafélaginu fimmtud. 30 jan. 1947. og var það vegna bréfs, sem borist hafði frá Verðlagsráði Íslands vegna lækkunar, sem til stóð á álagningu skófatnaðar.

Formaður. Jón Borgsson setti fundinn og gaf þess til kynna [um] fundar[ins] hafði verið boðað vor. [umræðu um Verðlagsmál] Torfi Jóhannsson lasarinn fundarstjóri og ráða. Fundarritari var skipaður. B. Stef.

Jón Borgsson tók fyrstur til máls reifaði málið og lét fundarmenn heyra áðurnefnt bréf frá V. F.

Næstur talaði B. Stefánsson. og leiðrétti [það] misræmi, sem form hafði fengið frá skrifstofustjóra V. F. í

Gunnar Pétursson lét fram að lasarinn yrði nefnd til þess að fjalla um þetta mál fyrir hönd félagsins. og stakk upp á að í þessi nefnd yrðu B. Stefánsson. Ól. J. Ólason og Lárus Jónsson. Jón Borgsson [illegible] og sagði að stjórnin ætti að hafa með þetta mál að gera. Gunnar Thor sagði að ekkert væri á móti því að þessi nefnd stjórn félagsins til aðstoðar, en það létt væri félagið um og af.

Nú kom fram tillaga frá Gunnari Péturssyni skrifleg.

Legg til að lasarinn velji eftirtalda menn til þess að afgreiða og svara bréfi V. F. dags. 24 janúar '47. viðv. Verðlagsmálum:

Lárus Jónsson.
Björn Stefánsson
Ól. J. Ólason.

Rvík 29/1. '47.
Gunnar Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til fundar var boðað í Skókaupmannafélaginu fimmtud. 30 jan. 1947. og var það vegna bréfs, sem borist hafði frá Verzlunarráði Íslands vegna tollunar, sem til stóð á álagningu skófatnaðar.

Formaður Jón Bergsson setti fundinn og gat þess til hvers fundarins hafði verið boðað (einungis um verðlagsmál). Var Torfi Jóhannsson kosinn fundarstjóri umræðna, Fundarritari var skipaður. B. Stef.

Jón Bergsson tók fyrstur til máls reifaði málið og lét fundarmenn heyra áðurnefnt bréf frá V. Í.

Næstur talaði B. Stefánsson. og leiðrétti það misræmi, sem fram hafði fengið frá skrifstofustjóra V. Í.

Gunnar Pétursson lék fram að kosin yrði nefnd til þess að fjalla um þetta mál fyrir hönd félagsins. og stakk upp á að í þeirri nefnd yrðu B. Stefánsson. Óli J. Ólason og Lárus Jónsson. Jón Bergsson ~~[illegible]~~ og sagði að stjórnin ætti að hafa með þetta mál að gera. Gunnar Thor sagði að ekkert væri á móti því að kosin nefnd, stjórn félagsins til aðstoðar, en hvað [illegible] félagið um og of.

Nú kom fram tillaga frá Gunnari Péturssyni skrifleg.

Legg til að kosnir verði eftirtaldir menn til þess að afgreiða og svara bréfi V. Í. dags. 24 janúar '47. viðv. Verðlagsmálum:

Lárus Jónsson.
Björn Stefánsson
Óli J. Ólason.

Rvík 29/1. '47.
Gunnar Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og við þessa tillögu breytingar.
tillaga frá Gunnar Thor.
Legg til að tillaga
Gunnars Péturssonar verði
orðuð þannig: Kosnir
verði 3. menn. til að.
svara bréfi frá V. F.
auk stjórnar.
Gunnar Thorarensen
Tillaga Gunnars var samþ.
svo og tillaga G. Péturssonar og
komu því áðurnefndir 3. menn.
til. ~~að~~ með að starfa fyrir
hönd félagsins í þessu máli.
Var svo þetta mál leitt
af dagskrá.
Óli Olason tók næstur
til. máls og hóf mál sitt
með því að segja fundar-
mönnum frá bréfi, sem
stjórninni hafði verið sent.
undirritað af 6 félagsmönnum.

þar sem farið hefði verið þess
á leit. að aðalfundur yrði
haldinn ~~i~~ jan 1947 samkv. 9. gr. félagslaganna.
G. Thorarensen. Gjaldkeri félagsins
mótmælti fyrstur ásamt. Jóni.
Bergssyni. form. Taldi Gunnar.
ólöglega til. fundarins boðað.
Tillaga kom fram. frá Jóni
Bergssyni á þessa leið.
Þar sem. fundurinn var.
aðeins boðaður. um verðlagsmál.
legg ég til. að tillögunni verði
vísað frá ~~to~~
Kom þessi tillaga fram.
vegna tillögu Óla J. Olasonar.
sem hafði verið lesin upp.
áður.

Fundur haldinn í Stórkaupa-
mannafélaginu þann. 30. jan 1947.
Stórar á stjórn félagsins að
standa við ákærum félagsmanna.
samkv. bréfi þeirra til hennar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þann 21 þ.m. um að halda
nú þegar aðalfund í félaginu
sem samkv. félagslögunum á
að halda í janúarmánuði ár
hvert.

Óli J. Ólason.

Tillaga Jóns Bergssonar var
felld með 6 atkv. gegn 3.
Tillaga Óla J. Ólasonar var
samþ. með 6. atkv. gegn 3.
Gunnar Thorsteinsson mæltist
ollum. atkv. um þetta mál
sem ólöglegum og greiddi
ekki atkv. sjálfur.

Lárus Fjeldsted gat þess
að alt mikil tregða hefði verið
á að fá fund um svo
nýjamikið mál, sem verðlags-
málið.

Jón Bergsson tók næst til
máls og lýsti því yfir að
„járnlokt" sé orði engum

aðalfundur haldinn og neyndi
hann sjá um það.

13. Jón Bergsson gerði þá
athugasemd við bókun ~~mína~~ þessa
að á aðalfundi í sept. 1946.
Bor. kom fram tillaga þess
sem aðalfundur skyldi halda
í janúar 1946 en ekki 1947.
og sem var samþ. af öllum
félagsmönnum og á næsta fund
á eftir bar G. Pétursson fram
tillögu um að aðalfund
skyldi halda í janúar 1947
var hún felld með jöfnum
atkvæðum.

Þessi athugasemd er
gerð þegar aðeins 5. fundar-
menn voru eftir.
og fundi slitið.

30/1 47.

B. Stefánsson

Torfi Jóhannsson
fundarstj.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Skókaupm. fél. mánud. 24. marz 1947 kl. 3 e. h. í V.R. húsi.

Formaður stjórnaði fundinum en hann tilnefndi Björn Ófeigsson fundarritara.

Fundarefni var: Verðlagsmál og umræður um frumvarp ríkisstjórnarinnar, um fjárhagsráð. En Verslunarráð Íslands hefir óskað eftir umsögn félags vors um frumvarp þetta.

Formaður skýrði frá því, að hann hefði ásamt tveim öðrum félagsmönnum verið kallaður til viðræðna við Viðskiftaráð varðandi lækkun á álagningu á skófatnaði, sem ráðið hyggst koma á.

Jón Bergsson las upp bréf til ~~sem~~ Viðskiftaráðs frá nefnd, sem kosin var á síðasta fundi, sem aðstoða átti stjórnina við svar til Verslunarráðs, um verðlagsmál ennfr. bréf stjórnar fél. til Verslunarráðs Íslands um sama efni.

Björn Ófeigsson benti á það, að í bréfi áminstrar nefndar, sem stílað var til Viðskiftaráðs í stað Verslunarráðs, hefði sérstaklega verið bent á það, að ekki kæmi til mála að lækka ~~(heildsölu)~~ álagningu á skófatnað í heildsölu; þarna hefði nefnd frá félagi smásala farið út fyrir starfssvið sitt og ætti að fyrirbyggja slíkt í framtíðinni.

Gunnar Thorarensen, Guðm. Einarss. og Stefán Jónsson tóku mjög í sama streng. Enginn meðlimur nefndar þessarar sótti fundinn.

Formaður, Jón Bergsson las upp bréf frá Verslunarráði viðvíkjandi væntanlegu fjárhagsráði.

Lesnar voru upp þær greinar í frumvarpi um fjárhagsráð, sem snerta félag vort. Guðm. Einarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gerði það að tillögu sinni að stjórnin svaraði bréfi Verslunarráðs um þetta mál, og var það samþykkt. Sjö félagsmenn mættu á fundinum frá Rvík og Hafnarf., þar á meðal Pétur Andrésson, kaupm., sem mætti í fyrsta sinn og bauð form. hann sérstaklega velkominn.

Fundi slitið. Upplesið og samþykkt.

Jón Bergsson Björn Ófeigsson

Fundur var haldinn í Skókaupmannafélaginu í V.R. húsinu 29. marz 1947 kl. 2 eh.

Fundarefni: Verðlags- og innflutningsmál.

Fundarstjóri var kosinn Torfi Jóhannsson og Björn Ófeigsson ritari.

Form. Jón Bergsson skýrði frá því, að stjórn félagsins hefði verið boðuð á fund með Viðsk.ráði til viðræðna um verðlagsmál s.l. fimtud.

Gunnar Thorarensen skýrði frá umræðunum við Viðskiftaráð, en þar voru í því fólgnar að ráðið kom með uppástungu um það að hafa vissa fasta álagningu á skófatnaði pr. par auk smávægilegrar álagningar, prósentvís.

Óli J. Ólason gerði fyrirspurn um það hvort gúmmískófatnaður mundi vera innifalinn í liðnum „annar skófatnaður" í uppkasti Viðskiftaráðs. Gunnar Thorarensen svaraði því, að

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðeins hefði verið rætt um [illegible]
Lárus Jónsson hvatti eindregið til
að halda sér við fyrri tillögur í þessu máli
~~þess að mótmæla þessum tillögum~~

Tillaga kom fram ~~frá~~ svohljóðandi

Við undirritaðir félagsmenn í Skókaupm.-fél. leggjum til að þeir Lárus Jónsson, Óli J. Ólason, ~~og~~ Björn Ófeigsson verði kosnir í nefnd til að vinna að öllu leyti ~~að öllu leyti~~ fyrir félagsins hönd að verðlagsmálum bæði við Viðskiftaráð og viðkomandi ráðherra, enda geri hún allt sem mögul. er til að stemma stigu fyrir þessi miklu álagningarlækkun sem nú mun vera ráðgerð

Rvík 29. mars 1947

Stefán Gunnarsson h.f. (Gunnar Stef.)
Björgúlfur Stefánsson
Gunnar Pét.
Torfi Jóhannsson
Guðm. Ólafsson

Tillagan var samþykkt með 6 atkv. gegn 5.

Torfi Jóhannsson Lárus og Óli o.fl. voru ~~því~~ mjög fylgjandi að knúið yrði á Viðsk.ráð um að hefja leyfisveitingar fyrir skófatn. og þá sérstakl. eins og stendur frá „clearing"-löndunum.

Skv. ósk félagsstjórnar kom hr. Helgi Bergsson, skrifstofustj. Verslunarráðs ~~á fundinn~~ er liðið var á fundinn.

Skýrði hann fundinum frá því að nú rofaði til með sölu á ~~afu~~ fiskafurðum landsmanna og var erindi hans um þessi mál mjög fróðlegt.

Óli J. Ólas. gaf ýmsar uppl. um viðskifti ~~frá~~ við Tjekkóslavakíu o.fl.

Jón Bergsson lagði áherslu á að innfl. leyfi fengjust frá Bretlandi og Bandaríkjunum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helgi Bergsson upplýsti það, að enn væri óráðið hjá Viðsk. ráði, hvort kaupsýslumenn fengju gjaldeyris-leyfi til farar á iðnaðarsýninguna þá, sem halda á í Engl. í vor.
Formaður þakkaði Helga Bergs fyrir upplýsingar og komuna.
Fundi slitið.

Björn Ófeigsson
ritari.

Torfi Jóhannsson
(fundarstjóri)

Fundur var haldinn í Skókaupm.-félaginu föstud. 2. maí 1947 kl. 3 e. h. í V. R. húsinu.
Fundarstj. var kosinn Torfi Jóhannsson en fundarritari Björn Ófeigsson.
Form. Jón Bergsson skýrði frá því að hinn 10. apríl s. l. hafi verið útrunninn fresturinn sá, er gúmmíúthlutunarnefnd hafi fengið til að gera upp reikninga sína, en þann frest hafi hún fengið með fundarsamþ. 19/11 '46.
Fundarstj. las form. upp bréf frá nefnd þessari, þar sem hún skýrir frá því að hún bíði eftir lokauppgjöri frá I. P. C. og að enn sé ekki lokið öllum innborgunum utan af landi.
Óli J. Ólason talaði um vandkvæði á að halda sér við tveggja mán. frestinn og stakk upp á því að maður úr stjórn félagsins yrði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosinn með Torfa Jóhannssyni
til að endurskoða reikningana.
Jón Bergsson sagði að það sem fyrir
sér lægi væri að fá reikn. uppgerða
væri til þess halda reglum félagsins
sem settar hefðu verið og t. d. væri
nú skuld félagsins við bankann
ca. kr. 152.000.-.

Óli J. Ólason kvað þá eina varða
fjárhagshlið þessa máls, sem skrifað
hefðu á víxil varðandi þessi við-
skifti.

Jón Bergsson ~~sagðist~~ álíta að
félagið væri ~~sko~~ ábyrgt fyrir þessari
hlið málsins.

Gunnar Pétursson tók í sama
streng um málið og Óli og kvað
félagið ekki ábyrgt fyrir nefndum
víxli.

Óli J. Ólason átaldi stjórnina
fyrir frumhlaup í þessu máli
og kvað hana vanta gúmmí-

nefndina og ~~að~~ vantreysta gjörðum
hennar.

Borin var fram svohljóðandi tillaga:

Þar sem gúmmíúthlutunarnefnd
hefir enn eigi skilað uppgjöri, þrátt
fyrir félagssamþykkt frá 19. nóv. 1946,
felur fundur haldinn í Skókaupmanna-
félaginu þann 2. maí 1947 stjórn
félagsins að sjá um að öll skjöl og
reikningar yfir viðskifti gúmmí-
úthlutunarnefndar frá byrjun
og hingað til verði gerð upp að
fullu.

Öllum gögnum og skjölum,
viðkomandi störfum nefndarinnar,
skal nú þegar skilað í hendur
stjórnarinnar, sem sjái um
löggilda endurskoðun reikninganna.

Reykjavík 2. maí 1947.

undirr. Stefán Jónsson
—"— Þorgils G. Einarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga þessi var feld með 6:5.

Önnur tillaga:
Legg til að hr. Björn Ófeigsson verði kosinn til að endurskoða reikninga Gúmmíútbhlutunar-nefndar ásamt hr. Torfa Jóhannssyni.

undirr. Óli J. Ólason

Samþ. með 6 atkv.

Fyrirspurn frá Gunnari Thorarensen
Þar sem ég hefi eigi fengið svar formanns Gúmmíútbhlutunar-nefndar við fyrirspurn minni hver sé hinn löggilti endur-skoðandi nefndarinnar, þá legg til að fá úr því skorið á þessum fundi hver hinn löggilti endur-skoðandi sé.

undirr. Gunnar Thorarensen

Var henni ekki svarað.

Tillaga frá Gunnari Thorarensen:
Legg til að endurskoðað uppgjör verði skilað til ~~stjórnarinnar~~ félagsins eigi síðar en 31. þ. m.

undirr. Gunnar Thorarensen

Samþ. með 8:1.

Rvík 2. maí 1947

Torfi Jóhannsson
fundarstjóri

Björn Ófeigsson
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Skókaupm.-
félaginu mánud. 12. maí 1947 kl. 3.
e.h. í V.R. húsinu.

Gunnar Thorarensen setti fundinn
vegna fjarveru formanns félagsins
sem er erlendis. Gunnar Thorarensen
var kosinn fundarstjóri en Björn
Ófeigsson fundarritari.

Til umræðu var væntanl. leyfis-
veitingar og verðlagsmál.

Lárus Jónsson vildi að félagið
leiti eftir leyfisveitingunum frá
Viðskiftamálaráði. Óli J. Ólason vildi
að kosinn yrði nefnd til að ræða
við Viðskiftaráð um þetta mál.

~~(Nefnd var kosinn til að ræða við
Viðskiftaráð og skrifa því og voru
þessir kosnir.)~~

Óli J. Ólason bar fram
svohljóðandi tillögu:

Fundurinn samþykkir að fela
nefnd þeirri, sem áður hafði
haft þetta mál með höndum að
skrifa Viðskiftaráði um þetta og fara
á fund ráðsins og gera allt, sem
í hennar valdi stendur til að
knýja fram leyfisveitingar sem allra
fyrst.

Var tillaga þessi samþykkt ein-
róma. Í nefndinni eru: Óli J. Ólason
Gunnar Pétursson og Jón Bergsson.

Í fjarveru Jóns Bergssonar var
Lárus Jónsson kosinn í nefndina.

Gunnar Thorarensen las upp
bréf, sem nefnd frá sambandi
smásöluverslana og hann á sæti
í, hefur samið til að mótmæla
~~verð~~ lækkun þeirri á álagningu
sem nýlega hefir verið komið á.

Þessi mótmæli verða send sameigin-
lega frá öllum sérgreinafélögunum.

Gunnar Pétursson Óli J. Ólason
og Lárus Jónsson tóku einnig til
máls um þetta mál.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mótmælaskjalið hljóðar svo:
Fundur í Félaga-sambandi smásöluverslana haldinn fimmtudaginn þann 8. maí 1947 mótmælir kröftuglega þeirri ákvörðun viðskiftaráðsins um almenna lækkun allra álagninga, sem ráðið birti með tilkynningu NR. 12/1947.

Lítur Félagasambandið á þessa lækkun sem hreint handahófsverk og skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram þegar í stað hlutlausa athugun á álagningarþörf verslunarinnar.

Þetta var samþykkt í einu hljóði.

Fulltrúum Skókaupmannafélagsins í Félagasambandi smásöluverslana var falið að koma á framfæri í Sambandinu tillögu um að ræða við fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins um afstöðu hans til verslunarstéttarinnar.

Rætt var um, hvort hætta ætti heim-sendingu vara og lánsviðskifti.

Var þetta tekið fyrir samkv. ósk Félagasambandsins.

Voru fundarmenn á einu máli um það, að þeir væru hættir heim-sendingunum fyrir löngu og einnig lánsviðskiftum að að mestu leyti.

Fundi slitið, samþykkt.

Rvík, 12/5, 1947

[signature]
Björn Ófeigsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Skókaup-
mannafélaginu fimtud. 21. ágúst
1947 Kl. 3.

Áður ~~en~~ gengið var til dagskrár
las formaður upp bréf, sem
félaginu hafði borist frá Hvann-
bergsbræðrum, þar sem þeir óska
að gerast félagar í Skókaup-
mannafélaginu. Var það sam-
þykkt einróma. Fyrir þá mætti
á fundinum Jón P. Jónsson og bauð form. hann velkominn

Form. stakk fyrst upp á Óla
J. Ólasyni sem fundarstjóra og
var hann kosinn einróma og
tilnefndi hann Björn Ófeigsson
sem fundarritara.

Form. las því næst upp
tillögur og verða þær færðar inn
síðast í fundargerð þessari
(Ennfremur kom fram tillaga
frá Lárusi Jónssyni og verður hún
einnig bókfærð síðar.)

Óli J. Ólason spurðist fyrir um
það, hvort stjórn félagsins eða öðrum
félagsm. hefði borist nokkur til-
kynning frá skömtunaryfirvöldum
áður en skömtunin komst á, og
hvort ~~það~~ þau hefðu ráðgast við
félagsmenn um þessi mál.

Formaður kvað það ekki hafa
verið gert.

Lárus Jónsson kvað Odd
Guðjónsson hafa hringt til sín
og Gunnars Stefánssonar og
beðið þá að tala við skrif-
stofu stjóra Skömtunarskrifstofunnar
um þessi mál, áður en skömtunin
kæmi á. Kvað hann þá Gunnar
hafa gert þetta en ekkert áunnist
um tilslökun.

Fundarstjóri las því næst upp
tillögu frá Stjórn félagsins svohlj.

Stjórn Skókaupm.félagsins
gerir það að tillögu sinni,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að nefnd verði kosin til þess
að sjá um að undan ~~farið~~
þegið ~~verði~~ skömtun verði
verkamannaskófatnaður
íþróttaskófatnaður, barnaskór
og aðrar þær tegundir, sem
nefndin kemur sér saman
um.[1]

Björgúlfur Stefánsson kom
með breytingartillögu að 5 menn
verði í nefndinni og var hún
feld með 11 atkv. gegn 2.

1) Stjórnin vill gera að tillögu
sinni að nefndina skipi
eftirfarandi menn: Guðmundur
Ólafsson, Oliver Steinn ~~Jóhannesson~~
og Lárus Jónsson.

Fundarstjóri bar þá upp
fyrri hluta tillögunnar og var
hún samþykkt með öllum
atkvæðum.

Björgúlfur Stefánsson
bar þá fram breytingartillögu
að kosning manna í nefnd
þessa yrði leynileg og var
það samþykkt.

Þessir menn voru kosnir:
Lárus Jónsson
Guðmundur Ólafsson
Óli J. Ólason.

Þá las fundarstjóri upp
aðra till. stjórnarinnar svohljóðandi:

Til þess að forðast frekari skömtun
á skófatnaði og koma í veg fyrir
„Hamstur", samþykkja félagsmenn
og aðrir, sem vilja gerast aðilar
að samkomulagi þessu, eftir-
farandi:

Að takmarka sölu skófatnaðar,
er fellur ekki undir skömmtun,
þannig, að hverjum viðskiftavini
verði aðeins selt eitt par af
inniskóm eða gúmmískófatn.
í senn. Þeir viðskiftavinir, sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðsjáanlega kaupa gúmmí- og innískófatnað fyrir börn á ýmsum aldri, verði að eins selt eitt par af hverri stærð.
Urðu skiftar skoðanir um þetta og þótti ýmsum ekki tímabært að samþ. tillögu í þessa átt og var hún feld með 6 gegn 3.
Enn kom fram tillaga frá stjórninni svohljóðandi:
Skókaupm.fél. heimilar stjórninni að tilnefna einn mann til þess að semja við skömmtunaryfirvöldin til þess að gæta hagsmuna félagsmanna um það, hvað falli undir skömmtun eða eigi ef til ágreinings kemur.
Var till. samþ. með öllum atkvæðum.

Umsókn frá Páli Andréssyni kaupmanni, Versl. Breiðablik um inntöku í félagið var samþykkt samhljóða.
Kosin var nefnd til að sjá um skemtun félagsins í haust og voru kosnir Björgúlfur Gunnar Pétursson og Björn Ófeigsson. samþykkt
fundi slitið.

Óli J. Ólason

Björn Ófeigsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Skókaupm. félaginu mánud. 1. sept. 1947 í félagsheimili Verslunarmanna.

Dagskráin var: Stöðvun útlána. Fundarstj: var kosinn Guðmundur Einarsson. Formaður skýrði frá því, að félagasamband smásöluverslana hafi óskað þess að fundur væri haldinn í félaginu til að ræða um stöðvun útlána, og var hann því meðmæltur, að útlán væru stöðvuð.

Björn Ófeigsson, ungfrú Oddný Stefánsson Lárus Jónsson og Gunnar Thorarensen ræddu einnig þetta mál og voru ræður þeirra mjög á einn veg um að nauðsyn bæri til, einmitt núna, að hætta útlánum og heimsendingum. Gunnar Thor. var því fylgjandi að hafin yrðu blaðaskrif til þess að útskýra fyrir almenningi ástæður fyrir þessum ákvörðunum. Lárus Jónsson stakk upp á því að er auglýstar yrði ákvörðun þessi, væru allar þær verslanir í Reykjavík og Hafnarfirði er að þessu standa, taldar upp í auglýsingunni og voru menn hlyntir því.

Jón Bergsson bar fram svofellda tillögu, sem var ~~fr~~ samþykkt með öllum atkvæðum; nánar tiltekið 10 atkvæðum.

„Fundur haldinn í Skókaupmannafélaginu 1. sept. 1947 ályktar að öllum útlánum og heimsendingum skuli hætt hjá félögum þess, sem einnig er í samræmi við ákvarðanir annarra sérgreinafélaga í þessu sambandi."

Gunnar Thorarensen bar fram svohljóðandi tillögu: Fulltrúum félagsins veitist fullt og ótakmarkað

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~umboð~~ vald á félagasambands-
fundi, er haldinn verður 10-11 sept.
n.k. til að ganga frá öllu varðandi
lánsviðskifti og heimsendingar.
Var till. samþykkt með öllum
atkvæðum.
Formaður skýrði frá því, að
herra Stefán Gunnarsson, Kaupm.
hafi verið kjörinn af stjórn
félagsins til að vera Skömtunar-
skrifstofunni til aðstoðar, ef til
ágreinings kæmi, um það, hvað
falli undir skömtun.
Inntökubeiðnir í félagið frá
Skóbúðinni Húsavík (Jónas Jónasson)
og frá versl. Fell voru samþyktar
einróma.
Formaður skýrði frá því, að
stjórn félagsins hafi átt tal
við viðskiftamálaráðherra
um það, að þegar gefin verða
leyfi fyrir og úthlutað verður

fyrir sá skófatnaður, sem kominn
er til landsins, þá verði það
gert samkvæmt „kvóta" en ekki
aðeins til þeirra, sem áttu vöruna
liggjandi hér. Hefði stjórnin gert
þetta til að tryggja hag þeirra,
sem ekkert hefðu pantað út á
væntanleg leyfi.

Rvík, 1. sept. 1947

Þorgils G. Einarsson

Björn Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn föstud. 19. sept. 1947.

Tilefni fundarins var grein í „Vísi" 18. sept. og önnur grein í „Alþýðublaðinu" 19. sept., báðar varðandi skókaupmenn.

Samþ. var að skrifa leiðréttingar við þessar greinar í blöðin.

Þá var einnig samþ. á þessum fundi að skrifa Fjárhagsráði ~~vegna~~ mótmæli vegna aðgerða dr. Odds Guðjónss., sem um getur í fundargerð frá 21. ágúst s. l. varðandi skömmtun á skófatnaði. Fundi slitið.

Jón Bergsson

Björn Ófeigsson

[signature]

Stjórnarfundur var haldinn í Skókaupmannafélaginu 24. sept. 1947 í skrifstofu Jóns Bergssonar.

Til umræðu var svar fyrverandi Viðskiftaráðs í Morgunblaðinu í dag við athugasemd vorri í blöðum bæjarins undanfarna daga. Samþykkt var að skrifa svargrein í Morgunblaðið á morgun og birta upplýsingar frá nefnd frá félaginu og einstökum skókaupmönnum, ~~sem~~ stjórn félagsins hefir þessar upplýsingar skriflegar í höndum.

Reykjavík 24. sept. 47

Jón Bergsson

Björn Ófeigsson

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn
24. nóv. 1947 í Skókaupm. félaginu.

Til umræðu var bréf, sem stjórninni hafði borist frá endurskoðendum Gúmmíúthlutunarnefndar Skókaupmannafél. þar sem þeir biðjast þess, að verða leystir undan því starfi að endurskoða reikninga fyrir ofangr. nefnd, enda telja þeir ekki nema á færi annarra en æfðra endurskoðenda að leysa þetta verk af hendi.

Var þetta mál rætt og komist að þeirri niðurstöðu að fela þetta starf löggiltum endurskoðanda.

Ennfremur var samþykkt, að strax og endurskoðun er lokið skulu reikningarnir lagðir fyrir félagsfund til samþykktar.

Björn Ófeigsson, ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í Skókaupm.-félaginu laugard. 13. des. 1947 kl. 10 f. h. í félagsheimili V. R.

Jón Bergsson, formaður, skýrði frá að tilefni fundarins væri það að Viðskiftanefnd hefði tilk. sér að hér lægju óráðstafað 1600 pör af skóm frá Hollandi, flutt inn af manni, sem ekki fengi leyfi fyrir þeim, og óskaði nefndin eftir tillögum um úthlutun þessa skófatnaðar.

Óli J. Ólason vildi að ekki yrði tekið þessu tilboði meðan ekki fengist greiddur enskur skófatn. sem hér lægi, þar sem hann hefði ~~f~~ verið fluttur inn skv. loforðum um innflleyfi, en aldrei hefði verið veitt leyfi á Holland enn sem komið er fyrir skófatnaði.

Jóni Bergssyni fannst rétt að taka tilboði Viðskiftanefndar og Lárus Jónsson tók í sama streng.

Jón Bergsson bar fram þá tillögu að þessum skóm yrði skift milli þeirra sem minstan kvóta hafa og nafngreindi í því sambandi nokkrar verslanir.

Tillagan er svona:

Skókaupmannafélagið ályktar að þau 1600 pör af hollenskum skóm sem hér liggja verði skift aðeins á milli þeirra, sem lægstan „kvóta" hafa en þeir eru:

Skóversl. Jóns Stefánssonar
— " — Hector
Versl. Fell
— " — Pelican
— " — York
— " — Þórðar Péturssonar
Aðalstræti 4 h.f.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Versl. Guðmundur Ólafsson, Garðastr.
Einar Þorgilss. Versl. Brúðablik.
Skóbúð Hafnarfj.: Skiftin fari fram án heildsöluálagningar.
Samþykkt með 5 (samhljóða) atkvæðum gegn engu.

Inntökubeiðni frá Skó- og fatabúð Húsavíkur var samþykkt í einu hljóði.
Samþykkt.
Lárus G. Jónsson
fundarstjóri
Björn Ófeigsson
ritari

Aðalfundur í Skókaupmannafélagsins var haldinn 29. janúar 1948 kl. 3 e. h. í V.R. húsinu.
Eftir að formaður, Jón Bergmann, hafði sett fundinn gaf hann skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári. Lagði hann ennfremur fram reikninga og uppgjör vegna úthlutunar félagsins á skóm frá Hollandi, sem um getur í fundargerð síðasta fundar. Var úthlutuninni lokið á 4-5 dögum og var hagnaður af þessum skiftum Kr. 875.13
Næst las Gunnar Thorarensen gjaldkeri félagsins upp reikn. félagsins. Voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum mótatkvæðalaust.
Þá var gengið til stjórnarkosn. og var kosið um formann fyrst. Óli J. Ólason hlaut 8 atkvæði og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Bergsson 5 atkvæði. Var Óli
því kjörinn formaður.
Meðstjórnendur voru kosnir
Lárus Jónsson með 9 atkvæðum
og Björn Ólafsson með 10 atkv.
Varastjórnendur voru kosnir
Guðmundur Einarsson með 6
atkv. og Jón P. Jónsson með
9 atkvæðum.
Endurskoðendur voru kosnir
Torfi Jóhannsson og Gunnar
Stefánsson.
Í launakjaranefnd var
kosinn Gunnar Thorarensen
með 11 atkvæðum.
Borin var fram till. frá
Jóni Bergssyni og Birni Ólafss.
~~svo~~ svohljóðandi: Fundur
haldinn í Skókaupmfélaginu
heimilar stjórn félagsins að
greiða endurskoðendum Jóni
Guðmundss. fyrir endurskoðun

gúmmíreikninga Kr. 2.500.—
Var tillaga þessi samþykkt
með 8 atkv. gegn 2.
Björgúlfur Stefánsson vítti
fráfarandi stjórn fyrir að hafa
lagt reikninga gúmmínefnda
fyrir löggiltan endurskoðenda,
án [illegible] samþykktar
Jón Bergsson og Björn Ólafsson
ræddu um væntanl. landsfund Versl.-
ráðsins sem haldinn verður
3/2 - 5/2 nk. og gáfu upplýsingar
varðandi hann.
Gunnar Thorarensen þakkaði
fráfarandi stjórn samstarfið
og óskaði góðrar samvinnu
við nýju stjórnina.
Jón Bergsson óskaði
stjórninni og félaginu alls
heilla. Fundi slitið.

[illegible]

Björn Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjud. 17. febr. 1948 var stjórnarfundur haldinn í Skókaupm. félaginu.

Mættur var auk stjórnar Gunnar Thorarensen. Gaf hann skýrslu um störf sín í nefnd þeirri, sem starfar f. h. Kaupmannafélaganna að samningum við verslunarfólk um kaup og kjör.

Ákveðið var að veita Gunnari fullt umboð til að semja um ofangreint um hækkað kaup í lægstu launaflokkunum ef þörf krefur fyrir afgr. stúlkur frá 4. fl. B. og 5. og 6. flokk. Ennfr. um aukið frí hjá afgr. fólki sem hefur unnið 10 ár eða meir hjá sama fyrirtæki. Ennfremur var lögð áhersla á, að vekja athygli á þeirri sérstöðu, sem skóverslanir og klæðnaðar verslanir hafa í samanburði við t. d. Kjötverslanir. Samkv. upplýsingum, hefur versl. Gísla Magnússonar, Borgarnesi, gengið úr félaginu.

Lárus G. Jónsson Björn Ófeigsson

Óli J. Ólason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1948, fimmtud. 1. apríl Kl. 3 var fundur haldinn í Skókaupmannafélaginu.

Dagskráin var:

1. Skömmtunarmál
2. Enski skófatnaðurinn
3. Breytingar á launasamn.
4. Skýrsla frá aðalfundi félagasambandsins 22. mars sl.
5. Kosningar í nefndir
6. Önnur mál.

Fundarstjóri var Torf. Jóhannsson og fundarritari Björn Ófeigsson.

Fundinn sótu 15 félagsmenn þar af var mættur Ágúst Leós frá Ísafirði.

Formaður gaf skýrslu um ýms mál, sem borið hafa á góma frá síðasta fundi, sérstakl. skömmtunar- og verðlagsmál.

Lárus Jónsson tók skömmtunarmálin fyrir. Rakti hann skömmtunarfyrirkomulag það, sem ríkt hefir hingað til. Skýrði hann frá því að stjórn félagsins hefði rætt við skömmtunarstjóra og fjárhagsráð um skömmtunina og þá sérstakl. að veitt verði undanþága frá skömmtuninni fyrir afgangsvörum og „ókurant" skófatnaði. Ennfremur tillögur skömmtunarstjóra um magn ~~það~~ og fyrirkomulag á skömmtun skófatnaðar á næsta tímabili.

Lárus skýrði frá því, að fjárhagsráð hefði óskað eftir því að þessi skófatnaður ~~[illegible]~~ yrði lækkaður um 1/3 verð, eða meira til þess að tryggja það, að ekki yrði seldur annar skófatn. en raunverul. væri „ókurant".

Var áður búið að leita samþykkis félagsmanna í ~~[illegible]~~ þessu máli.

Björgúlfur Stefánsson tók til

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

máls og fannst verðlækkun um 1/3
vera of mikil.

Jón Bergsson tók það fram, að
tillögur skömmtunarstjóra væru
mun aðgengilegri, en sú tilhögun,
sem verið hefir.

Jón P. Jónsson kom með fyrir-
spurn varðandi skömmtun á
Spartaskóm og svaraði Lárus
Jónsson því.

Fundurinn samþykkti einróma
að fela stjórn félagsins og nefnd
þeirri, sem starfaði í þessu máli
í vetur áframhaldandi samning
við skömmtunaryfirvöldin um
~~um~~ úrlausn þessara mála og
ráða þeim til lykta við nefnd
yfirvöld.

Þá tók formaður til máls
um enska skófatnað þann,
sem hér liggur ógreiddur
og leyfi vantar fyrir.

Skýrði hann frá því, eins og
áður hefir komið fram á fundinum,
að skófatnaður þessi væri fluttur
inn samkv. loforði Fjárhags-
ráðs um gjaldeyris og innfl.
leyfi, er skófatnaðurinn kæmi
til landsins.

Skófatnaður þessi er að
verðmæti í erl. gjaldeyri ca 607.000.–
Krónur, auk vaxta í ca. 10 mánuði.
Þar af eiga heildsalar um 130.000.–
Krónur. Viðskiptanefnd hefir beðið
stjórn félagsins um tillögur um
skiptingu þessa skófatnaðar milli
einstakra verslana. Voru þar á
þá leið að skiptingin færi fram
til skóverslana og annarra, sem versluðu með skófatnað í smás.
samkvæmt þeim „kvóta“ sem
gilt hefir hingað til. Yrði þá
magn það, sem heildsalar eiga og
þeir skókaupm., sem eiga meira
en „kvóta“ þeirra nemur, selt
þeim, sem engan skófatnað eiga

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða af litið upp í „Kvóta" sinn.
Lagði Óli ~~áslat~~ áherslu á, að
þessi skófatnaður fengist sem
fyrst laus, og stjórn félagsins
gerði allt sem hægt væri til
þess að svo gæti orðið.

Björgúlfur Stefánsson var
mjög á móti tillögu stjórnarinnar
í þessu máli. Kvað hann skófatn
þann, sem hans verslun á hér og
mun vera meiri en „Kvóta" hans
mun nema vera fluttan inn
með leyfi Viðskiftaráðs og væri
ósanngjarnt, ef taka ætti
hann af verslun hans ~~fo~~
einnig vegna þess, að í mikinn
kostnað hafi verið lagt af
hans hálfu við innkaup á
honum, utanför o.fl.

Jón Bergsson skýrði frá því,
að þessi tillaga stjórnarinnar
væri samhljóða ~~hvorri~~ því

áliti sem fyrverandi stjórn
hefði haft á þessum málum
og væri sanngjörn, úr því sem
komið væri málum.

Jón P. Jónsson sagði ~~að~~ eins og
Björgúlfur hafði tekið fram, að
heppilegast væri að hver sá, sem
ætti enskan skófatn. hér, fengi
hann, en hinir, sem ekkert ættu
fengjú þá leyfi á Tékkóslóvakíu
eða Hollandi í staðinn. Kvað hann
Hvannbergsbræður hafa afturkallað
margar pantanir á enskum skófatnaði
þegar sýnt var, að erfitt mundi
um leyfi á England.
Annars kvað hann Hvannbergsbr. geta fallist á tillögur stjórnarinnar

Gunnar Pétursson var á móti
þessum tillögum Björgúlfs og Jóns P.
Jónssonar, ~~og~~ annað væri þá ekki
sanngjarnt en veita þá leyfi
á England.

Gunnar Thorarensen skýrði frá
því að þessi stefna stjórnarinnar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri sú sama, sem ~~það~~ fyr-
verandi stjórn hefði haft og
væri samgjörn úr því sem
komið væri.

Form. las upp bréf stjórnar
félagsins til viðskiftanefndar
dags. 13. mars s.l.
með tillögum um skiftingu
á skófatnaðinum og áður
hefir verið greint frá.

Var samþykkt með samhl.
atkvæðum gegn atkvæði
Björgúlfs ~~að fela stjórninni~~
að hafa fyrgreinda tilhögun
á skiftingu enska skófatn-
aðarins.

Gunnar Thorarensen skýrði
frá samningum um kaup og
kjör verslunarfólks, sem nýlega
hafa verið samþykktir og útskýrði
breytinga þar, sem á þeim hafa
verið gerðar.

Björn Ólafsson skýrði frá
því sem gerðist á aðalfundi
Félagasambands smásöluverslana
sem haldinn var 22. mars s.l.
Las hann m.a. upp tillögu, sem
fram kom þar um að sambandið
semdi við lögfræðing um að
hafa jafnframt skrifstofu
fyrir sambandið, sem félags-
menn hefðu aðgang að.

Jón Bergsson lýsti sig sam-
þykkan þessari tillögu en
Gunnar Thorarensen var eindregið
á móti. Vildi heldur að Verslunar-
ráðið réði til sín lögfræðing.

Var tillaga þessi felld með
7 gegn einu atkvæði.

Þá var kosinn fulltrúi í
félagasamb. og var kosinn
Jón Bergsson og til vara
Gunnar Pétursson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúar í Verslunarráð Ísl. voru kosnir Óli J. Olason og Gunnar Thorarensen. Til vara Guðmundur Ólafsson og Jón P. Jónsson. Fundi slitið

Samþykkt

Björn Ófeigsson

Torfi Jóhannsson

Árið 1948, 24. maí kl. 15 var haldinn fundur í Skókaupmannafélaginu. Fór hann fram í Félagsheimili Verslunarmannafél. Rvíkur.

Fundarstjóri var skipaður Torfi Jóhannsson og fundarritari Björn Ófeigsson.

Formaður kvaddi sér hljóðs og minntist Stefáns heitins Gunnarssonar, kaupmanns með ræðu, en fundarmenn risu úr sætum sínum til að votta virðingu sína hinum látna félaga.

Formaður gat þess, að frá félaginu hefði verið sendur silfurskjöldur á kistu Stefáns.

Þá las form. tillögu um lokun sölubúða um sumarfríin, að skóverslanir lokuðu til skiptis þann tíma, sem sumarfríin standa yfir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tóku ýmsir til máls og voru flestir samþykkir þessu.
Guðm. Ólafsson óskaði þess að tillögunni væri vísað frá, þar sem hún væri m.a. ekki bindandi fyrir félagsmenn.
Var það borið undir atkvæði og fellt með 4 gegn 5 atkvæðum.
Torfi Jóhannsson mæltist til að þessu máli væri vísað til stjórnar félagsins til frekari athugunar og var það samþykkt með 7 atkvæðum.
Fyrrnefnd tillaga var svohljóðandi:
„Fundur ~~haldinn~~ í Skókaupmanna-félaginu, haldinn 24. maí 194_ álýktar að rétt sé, að skóverzl-anir bæjarins loki sölubúðum sínum, á meðan á sumar-fríum ~~standa~~ starfsfólks-ins stendur, þannig að helmingur verslananna loki fyrri hluta júlímánaðar en hinn helmingurinn loki seinni hluta sama mánaðar. Fundurinn felur stjórn félagsins að komast að nánara samkomulagi við félags-menn um þetta og annast undirbúning og framkvæmd málsins."
undirr. Óli J. Ólason

Þá var rætt um kosningu í stjórn Verslunarráðsins.
Urðu miklar umræður um það mál. Eftirfarandi tillögu kom Jón Bergsson með:
Geri það að tillögu minni að samkomulag það, sem gert er í hvert skipti um ~~kosnuð~~ kosningu til Verslunarráðs

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Íslands af Sambandi smásöluverslana, verði haldið og sé því bindandi um kosningu fulltrúa Skókaupmannafélagsins.
Tillaga þessi var samþykkt.
Tillaga frá Guðm. Ólafss. um að vísa kosningu í stjórn Verslunarr. af hálfu félags vors til fulltrúa félagsins í ráðinu var samþykkt.
Formaður tilkynnti, að þeir sem ekki hefðu fengið skó hjá skókaupm. og heildsölum út á enska leyfin, sem gefin voru út nýlega, gætu fengið þeim breytt í leyfi á Tékkóslóvakíu.
Þá tók til máls Gunnar Pétursson um uppgjör gúmm útthlutunarnefndar.
Las hann ~~sko~~ greinargerð

frá kr. Jóni Guðmundssyni endurskoðanda um reikningana. Var hagnaður á starfi nefndarinnar Kr. 2751,90 en innborgað hafði verið til félagssjóðs Skókaupmannafélagsins Kr.        og óskaði Gunnar þess að endurgreitt yrði til nefndar mismunur á þessum tölum. Gunnar kvað nefndina ekki hafa tekið neitt fyrir störf sín.
Jón Bergsson harmaði það kvað kostnaður ýms, vextir og fl. hafi verið mikill, en vextir hefðu oftast verið leyfðir í verðútreikningi. Ennfremur að nefndin hefði ekki gert upp reikninga sína eftir hverja útthlutun, eins og til var ætlast í upphafi.
Gunnar Pétursson óskaði þess, að greidd væri atkvæði um þessa

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reikninga.

Gunnar Thorarensen tók til máls og tók það fram að „Kváti“ sá, fyrir sína verslun, sem tilfærður er á lista nefndarinnar væri ekki í samræmi við bækur sínar, og vildi fresta umræðum um þetta mál og gefa sér og öðrum félagsmönnum kost á að kynna sér þau plögg sem fyrir liggja frá nefndinni.

Form. Óli J. Ólason gat þess að nefndin hefði farið eftir „Kvóta“, sem Viðskiftaráð afhenti henni, og ávalt fylgt honum.

Tillaga frá Gunnari Péturssyni um að hafa atkvæðagreiðslu um reikningana á þessum fundi var samþykkt með 5 atkvæð. gegn 3. ~~Gunnar~~ Vorn þeir samþ. með 6 atkv.

Gunnar Thorarensen mótmælti þessu og áskildi sér rétt til að athuga reikningana, og önnur plögg þessu viðvíkjandi.

Umsókn um inngöngu í félagið kom frá ~~kr.~~ skóbúð Kristjáni Guðmundssonar.

Þar sem umsækjandi uppfyllir ekki þau skilyrði, sem sett eru í lögum félagsins þá var ekki hægt að samþykkja þessa beiðni.

Samþykkt var með öllum atkvæðum inngöngubeiðni frá hr. Pétri H. Lárussyni Kaupmanni á Akureyri

Samþykkt

Torfi Jóhannsson
fundarstj.

Björn Ófeigsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1948, miðvikud. 20. okt. kl. 3 var fundur haldinn í Skókaupmannafélaginu í V.R. húsinu. Dagskráin var:

1. Innflutningsmál
2. Önnur mál.

Formaður hélt fyrstur ræðu og rakti hvað innflutn. skófatnaðar hefði liðið hingað til og hvað stjórn félagsins hefði gert undanfarið, til þess að fá innflutninginn aukinn. M.a. gat hann þess, að nú mundi vera ókomið til landsins eða ókomið til sölu skófatnaður fyrir um 600 - 650 þús. krónum. Ennfr. að stjórnin hefði átt tal nýlega við viðskiftanefnd fjárhagsráð og skömmtunarstjóra auk samtala við nefnda aðila áður í sumar, sem stjórnin eða einstakir meðlimir hennar hefðu átt við þá.

Farið hefði verið fram á að fá leyfi fyrir skófatnaði úr leðri að upphæð a.m.k. ein miljón.

Líkur væru fyrir því, að leyfi yrðu veitt bráðlega, en sennilega fyrir eitthvað lægri upphæð, eftir því sem komið hefði fram í ofangr. samtölum.

Komið hefði fram í þessum samtölum ennfremur, að framleiðsla á innlendum skófatnaði mundi hafa aukin áhrif á skóinnflutninginn, þar sem skóverksmiðjurnar íslensku teldu sig geta framleitt meira magn skófatnaðar, ef efni væri fyrir hendi, meira en nú er, en að sjálfsögðu mundi sú framleiðsla koma undir kvóta einstakra skóverslana til úthlutunar, eins og um innfluttan skófatnað

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri að ræða.
Torfi Jóhannsson spurðist fyrir um það, hvort félagsstjórn hefði spurst fyrir um það, hversvegna lækkuð hefði verið um eina miljón upphæð sú fyrir skófatnaði, sem samið hefði verið um að flutt yrði inn fyrir t.d. frá Tékkóslóvakíu.
Formaður svaraði því til, að gjaldeyrisyfirvöldin teldu, að þau hafi haft heimild til að fara milli vöruflokka og einnig munda leyfisveitingarnar fyrir enska skófatnaðinum á s.l. vori og einnig ógreinileg skilgreining milli sjóstígvéla og annars gúmmískófatnaðar.
Torfi spurðist einnig fyrir um það, hvort stjórnin gæti gefið upplýsingar um, hvernig á því stæði, að skófatnaður hefði verið fluttur inn frá ýmsum öðrum löndum en þeim, sem skókaupm. hefði verið gefinn kostur á að sækja um ~~leyfi~~ leyfi á, svo sem Danmörku ~~og~~ Austurríki ofl. lönd þetta væri samkv. skýrslu hagstofunnar yfir tímabilið 1/1–31/8.
Formaður svaraði því til að þetta mál hefði komið sér alveg á óvart.
Þá las fundarstjóri upp svofellda tillögu frá stjórninni:

Almennur fundur í Skó-Kaupmannafélaginu, haldinn 20. okt. 1948, leyfir sér að skora á gjaldeyris- og innflutningsyfirvöld landsins að veita nú þegar gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir leðurskófatnaði.
Það er sameiginlegt álit fundarmanna, að nú sé

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo mikill hörgull á skófatnaði og þá alveg sérstaklega barna- og vinnuskófatnaði að til stórvandræða horfi fyrir almenning.

Það er álit fundarins, að gjaldeyris og innflutnings- leyfi að upphæð Kr. 1 miljón, sem veitt yrði nú þegar og alveg tafarlaust, mundi nægja til þess að bæta ástandið í þessum efnum svo viðunandi væri, til næstu áramóta.

Tillagan var samþ. með 12 atkv. gegn engu með breytingu, sem Guðm. Ólafsson gerði till. um að bætt var inn, og vinnuskófatnaði svo sem að ofan greinir.

Þorsi Jóhannsson bar fram þá fyrirspurn, hvort skófatnaður framleiddur hér mundi ekki verða seldur til skóverslana

eftir kvóta.

Lárus G. Jónsson svaraði því til að framkv.stj. Skógerðarinnar h.f. hefði boðið gjaldeyrisyfir- völdunum á sínum tíma að afgreiða skó frá verksmiðjunni skv. kvóta, ef verksmiðjan fengi svo mikið af hráefni, að til stöðvunar af þeim sökum kæmi ekki.

Sem fulltrúi í félagasamband smásöluverslana var kosinn Þorsi Jóhannsson, þar sem fyrv. nefndarmaður Jón Bergsson hafði áður óskað þess að þurfa ekki að hafa þetta starf á hendi.

Stungið var upp á því, að í tilefni af 10. ára afmæli félagsins 15. sept. s.l. væri haldinn einhver fagnaður og var vel tekið undir það af fundarmönnum.

20. okt. 1948

Samþykkt

Gunnar Pétursson

Björn Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur 27/11 1948

Ákveðið var að boða til almenns fundar fimmtud. 2. des. n. k. kl. 8½ e. h., ef hentugt húsnæði fengist.

Dagskrá þess fundar mundi verða:

1. Umræður um frumvarp, sem komið er fram á Alþingi, flutt af Skúla Guðmundssyni o.fl. um nýtt fyrirkomulag á veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa.
2. Skömmtunarmálin.
3. Leyfisveitingar fyrir næsta ár.
4. Rætt um grundvöll fyrir nýjum kvóta.
5. Önnur mál.

Ákveðið var að halda í tilefni af 10 ára afmæli félagsins

2. des. 1948 kl. 20½ var fundur haldinn í Skókaupm. félaginu. Óli J. Ólason form. setti fundinn.

Rætt var frumvarp, sem komið er fram á Alþingi flutt af Skúla Guðmundss., Steingr. Steinþórss, og Halldóri Ásgrímssyni. Til máls tóku um þetta mál Björn Ófeigsson Lárus Jónsson, Óli J. Ólason Guðm. Ólafsson, Björgúlfur Stefánss o.fl.

Verslunarráðið hafði óskað þess, að þetta frumvarp til laga yrði tekið fyrir á fundi í félagi voru og leitað álits félagsmanna hvernig ~~þett~~ frumvarpið mundi virka á sérgrein vora.

Samþykkt var uppástunga frá Guðm. Ólafssyni um að vísa ~~þ~~ til stjórnar félagsins að svara tilmælum Verslunarráðsins, þannig að félagið væri á móti þessu frumvarpi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegna þeirrar sérstöðu sem skófatnaður hefir sem söluvara. Var þetta samþ. með 8 atkv. Einn sat hjá.

Óli J. Ólason skýrði frá viðræðum við skömmtunaryfirvöldin varðandi skömmtun skófatnaðar á næsta ári. Kvað hann fyrirkomulag mundi verða svipað og nú væri sem stendur.

Guðm. Ólafsson kvað æskilegt að nánar yrði til orða tekið í reglunum um skömmtun vinnuskófatnaðar.

Fundurinn fól Guðmundi Ólafssyni að gera tillögur við skömmtunarstjóra og komast að samkomulagi við hann um breytingar á þessu.

Þá var tekið fyrir á fundinum væntanlegar leyfisveitingar fyrir næsta ár. Skýrði formaður frá engri viðræðna við Viðskiftanefnd um þetta.

Guðm. Ólafsson kom með þá tillögu, að stjórn félagsins gerði áætlun um þörf landsmanna fyrir skófatnað og legði hana fyrir Fjárhagsráð.

Var þessi tillaga samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Form. hafði skýrt frá því, að þetta hefði verið gert munnlega, er stjórnin hefði átt tal við ráðið nú fyrir nokkru.

Formaður skýrði frá því, að í undirbúningi væri hjá Verslunarráði að semja nýjan kvóta fyrir innflutning.

Þetta mál var mikið rætt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á við og dreif. Mikil óánægja ríkjandi með núverandi lyfjaúthlutunar og þær reglur, sem um þær gilda núna.

Samþ. var uppástunga frá Birni Ófeigssyni um að fresta þessu máli ~~til~~ og boða til fundar bráðlega um það, þegar menn hefðu hugsað málið betur.

Guðm. Ólafsson bar fram þá ~~fram~~ fyrirspurn hvort fundarmenn hefðu komið auga á leið til að fyrirbyggja orðróm um sölu á skófatnaði á „bakvið", skemmdir ofl., er bíðráðir og ös vari, er skór koma í verslanir.

Var þetta rætt nokkuð og talið erfitt að koma í veg fyrir slíkt.

Föstud. 28. jan 1949 kl. 3 söfnuðust skókaupmenn saman í félagsheimili verslunarmanna. Skyldi halda aðalfund Skókaupmannafélagsins, sem boðað hafði verið til á þessum tíma á löglegan hátt. En þar sem aðeins komu til fundar 11 félagar, en tilskilið að a. m. k. helmingur félagsmanna komi til fundar, þá var fundi frestað og skyldi boðað til aðalfundar á ný.

Björn Ófeigsson

15. febrúar 1949 var fundur haldinn í skókaupmannafél. Var það framhalds-aðalfundur. Björn Ófeigsson setti fundinn í fjarveru formanns og stakk jafnframt upp á Gunnari Thorarensen sem fundarstjóra." Fyrsta mál fundarins var skýrsla stjórnarinnar, sem lesin var af Birni Ófeigssyni.

" og skipaði hann Jón P. Jónsson sem fundar-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Bergsson gerði athugasemd við
skýrsluna og benti því til stjórnarinnar,
að hún ~~gæti~~ sæi sérstaklega fyrir því
að álagningarfyrirkomulaginu á skóf.
yrði breytt. Síðan var skýrslan samþykkt
samhljóða. Fyrir fundinum var lögð umsóknar
beiðni frá Jóni Waage, Seyðisfirði, sem
var samþykkt. Skóbúð Reykjavíkur
veitti Sigurði Halldórssyni, verzl.stj. umboð
til að sitja fundinn fyrir verzlunina,
og var umboð hans samþykkt.
Því næst las gjaldkeri félagsins reikninga
félagsins, og eru nú í félagssjóði kr. 1.471.50.
Töluverðar umræður urðu út af einum
lið í skýrslu gjaldkera, eða kr. 12.710.24,
sem var endurgr. til Gúmmínefndar.
og tóku til máls Jón Bergsson, Gunnar
Pétursson, Björn Ófeigsson og Björgúlfur
Stefánsson. Reikningarnir voru síðan samþ.
með 10 atkv. gegn 2. Þá var lesin fram
tillaga frá Lárusi Jónssyni um að hækka árgjöldin
um 100%, svo og br. tillaga frá

Björgúlfi Stefánssyni um að gjöld félagsm.
utan R.víkur og Hafnarf. yrðu óbreytt.
Br. tillaga B. S. var felld með 7 atkv gegn 2,
en tillaga Lárusar var samþ. með 11 atkv
gegn 1. Var því tillagan felld skv. 17 gr.
laga félagsins.

Þá fór fram stjórnarkosning og var formaður
kosinn Óli J. Ólason með 6 atkv. Björn
Ófeigsson hlaut 3 atkv., Lárus Jónsson
2 atkv. og Guðm. Ólafss 1 atkv. Einn seðill
var auður. Síðan voru kosnir tveir
meðstjórnendur og hlutu kosningu
Lárus Jónsson og Björn Ófeigsson með 11 atkv.
hvor. Aðrir sem atkv. hlutu voru Guðm. Ól.
~~með tveim~~ atkv. Gunnar Thorarensen 1, og
Jón Bergsson 1 atkv. Varamenn voru
kosnir þeir Björgúlfur Stefánsson með 8 atkv.
Jón P. Jónsson 8 atkv. Þá hlutu þeir Guðm. Einarss.
7 atkv. og Gunnar Pétursson 3 atkv. Endurskoðendur
voru kosnir með lófaklappi þeir Torfi Jóhannsson
og Gunnar Stefánsson.

Að kosningu lokinni bar Jón Bergsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram eftirfarandi tillögu:

Skókaupmannafél. ályktar, sérstaklega með tilliti til þess, að reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að skókaupm. hafa hagað innkaupunum sínum þannig, að til stórsparnaðar hefur verið fyrir landið í heild hvað verð, gæði, snið o.fl. snertir og sem fagmenn í skófatnaði.

Þess vegna telur Skókaupm. fél. það sjálfsagða kröfu, að ~~félagsmenn þess~~ skókaupmenn fái að minnsta kosti ~~75%~~ 85 % af heildar innfl. ~~leður og gúmmí~~ skófatnaðar og felur Verzlunarráði Íslands að koma kröfu félagsins á framfæri við stjórnarvöld landsins.

1/75% í gúmmí
85% í leðri

Til ~~umr~~ þessari tillögu tóku til máls Lárus Jónsson, Jón Þ. Jónsson og Jón Waage, sem allir tóku í sama streng, sömuleiðis þeir Guðm. Ólafsson og Gunnar Thorarensen. Ágreiningur var hinsvegar um hvernig tillögunni yrði framfylgt svo og um prósentu tölunna í hvorum flokki. Fannst Gunnar Thorarensen og Jóni Þ. æskilegra að nefnd fylgdi málinu eftir ásamt stjórninni. Tillaga Jóns Bergssonar var síðan samþ. með 8-2 atkv.

Þá var uppskorin tillaga frá Gunnari Thorarensen, Jóni Þ. Jónssyni, Birni Ófeigssyni og Lárusi Jónssyni svohljóðandi:

Gjörum að tillögu okkar að kosin verði 3 m. nefnd til að undirbúa tillögur um skiptingu innfl. á skófatnaði, og starfi nefndin með stjórn félagsins.

Nefndin skili störfum og tillögunum eigi síðar en 28 þ.m., ~~sem~~ lagt verði fyrir félagsfund.

Tillagan var samþ. með 8 atkv.

Bj. Stefánsson beindi þeirri ~~tillögu~~ til stjórnarinnar með tilliti til afstöðu skókaupm. um þessar mundir, að fundir ~~yrði~~ haldnir oftar og félögunum gefinn kostur á að fylgjast sem best með málum félagsins.

Jón Waage tók til máls um hvort ekki væri hægt að reka

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sér að frekari samstarfi við skómiðlunarráð.

Nefndarmenn voru kosnir Jón P. Jónsson, með 9 atkv. Gunnar Thorarensen með 8 atkv. og Jón Bergsson 6 atkv. Guðm. Ólafsson fékk 4, Gunnar Pétursson 3 og Bj. Stefánsson 1 atkv. Jón Bergsson óskaði eftir að að loknu kjöri, að hann gæfi ekki kost á sér í nefndina.

15. febr. 1949.

~~[illegible]~~ Jón P. Jónsson,

Árið 1949, mánud. 4. apríl kl. 15 var fundur haldinn í Skókaupmannafélaginu. Dagskráin var:

1. Dreifing innlenda skófatnaðarins
2. Önnur mál.

Formaður tók fram að nú hafi verið aukið við innflutning efnis í skófatnað, sem framleiddur verður hér innanlands, en aftur á móti ~~dregið úr~~ engin aukning á innflutningi skófatnaðar ~~sem því nemur~~. Hefði því stjórn félagsins farið á fund Viðskiptanefndar ~~og~~ í s. l. viku og spurst fyrir um, hvort hún hefði hugsað sér að skipta innlenda skófatnaðinum eftir ákveðnum reglum. Nefndin hefði kveðið svo vera og óskaði eftir tillögum frá félagi voru.

Lárus Jónsson tilkynnti f. h. Skógerðarinnar h. f., að aukið efni mundi ekki koma í verksmiðjuna fyrr en eftir 2-3 mán. og yrði þá farið að framleiða skó úr því á „lager", en ekki mundi vera hægt að framleiða eftir pöntunum.

Björn Ófeigsson stakk upp á því

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að óskað væri eftir því, við Viðskiftanefnd að hún skifti innlenda skófatnaðinum milli kaupmanna og kaupfélaga í sömu hlutföllum og um innfl. erlends skófatn. væri að ræða. En Skókaupmannafélagið hefði svo hönd í bagga með úthlutun til skókaupm. innbyrðis. Væri þetta gert með tilliti til þess að innfl. kvóti einstakra verslana væri mjög ranglátur.

Gunnar Pétursson vildi að kosin yrði nefnd til að gera tillögur í þessu máli.

Jón P. Jónsson vildi að tekið yrði tillit til þeirra verslana sérstaklega, sem verslað hefðu með innlendan skófatnað, þegar gerður yrði kvóti yfir dreifingu þessa skófatnaðar

Björgúlfur Stefánsson tók til máls og hélt því fram að fara ætti eftir „kvóta“ þeim, er gilt hefði um erlenda skófatnaðinn og engin verslun nyti sérstakra fríðinda vegna þessa neyðarsamkomulags, sem þyrfti að gera.

Gunnar Pétursson taldi, að réttast væri að gerður yrði nýr allsherjar, kvóti og farið yrði þá jafnvel eftir „umsetningu“ verslana og kæmi þar þá inn einnig íslenski skófatnaðurinn.

Lárus Jónsson kvað varhugavert að taka of mikið tillit til þeirra, sem selt hefðu ísl. skófatnað vegna þess, að þá kynni hlutur kaupfélaganna, að aukast að mun, frá því sem nú væri.

Þessi tillaga kom fram og var samþykkt.

Geri það að tillögu minni, að kosin verði nefnd til að gera tillögur um skiftingu innlenda skófatnaðarins og að þessir menn verði kosnir: Óli J. Olason, Jón P. Jónsson, Gunnar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pétursson og Gunnar Thórarensen
Nefnd þessi leggi tillögur sínar
fyrir félagsfund, er haldinn
verði fyrir 25. apríl. (Undirritað
Björn Ófeigsson) x) Var till. samþykkt.
Samþykkt

Lárus G. Jónsson                Björn Ófeigsson
fundarstj.

x) Í liðnum „önnur mál" ~~ger~~ gerði
Björgúlfur Stefánsson þá
uppástungu, að stjórn félagsins
gengi á fund viðskiftamála-
ráðherra og gefi honum til
kynna, að til stórvandræða
horfði vegna dráttar þess, sem
~~orðið~~ orðið hefir á úthlutun skó-
leyfa um margra mánaða-
skeið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórðar Péturssonar & Co (Skóverzl.)
Reykjavík, Bankastr. 4.
Eigandi: Þórður Pétursson
Firmað stofnað: 1920

Skóbúð Reykjavíkur, Skóverzl.
Reykjavík, Aðalstr. 8
Eigendur: Óli J. Ólason og Tómas Ólason.
Firmað stofnað: 1921

"Skóríinn" Skóverzlun,
Reykjavík, Laugaveg 6.
Eigandi: Jón Bergsson
Firmað stofnað: 1934.

Síðar sekkur í fjelagið:
14/10 Þorsteinn Johnson, Vestmannaeyjum
22/10 Guðm. Erlendsson, Eyrarbakka
29/12 Verzl. Einar Þorgilsson, Hafnarfirði
-„- Gunnar Stefánsson, Rvík, Skóverzl. H.f. S.
17/2'39 M. H. Lyngdal, Akureyri
31/3'39 ~~Fata og Skóbúð Einar Guðjohnsen, Húsavík~~

Skóverzl. „Hector" Lv. 5 Rvík
~~Skóv. Gísla Magnússon Borgarnesi~~
Ólafur Kárason, Ísafirði
Verzl. Leós Eyjólfsson
Guðm. Ólafsson Rvík
Lárus G. Lúðvígsson Rvík
Aðalstr. 4 H/F
Gunnar Thorarensen Verzl. York Rvík
7/1 '47 Pétur Andrésson, Framnesv. 2
-„- ~~Skóbúð Hafnarfj.~~ Oliver Jóhannesson
21/8 '47 Hvannbergsbræður
-„- Páll Andrésson, Framnesv. 2
1/9 '47 Versl. Fell, Jón Guðmundsson
-„- Skóbúðin Húsavík, Jónas Jónasson
13/12 '47 Skó- og fatabúð Húsavíkur
24/5 '48 Pétur H. Lárusson, Akureyri
Jón Bjarnason, Laufahúsið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nafnaskrá yfir
stofnendur "Fjelags Íslenskra Skókaupmanna"
Heimili í Reykjavík.
15. September 1938 kl. 3 e.h. að Hotel Borg
Rvk.

Nafn firmans, Skóverslun Stefáns Gunnarssonar
Heimili í Reykjavík, Austurstr. 12.
Firmað stofnsett: 1904.

Skóverslun Jóns Stefánssonar
Reykjavík, Laugaveg 17.
Eigandi: Óskar Jónsson
Firmað stofnsett. 1905.

Skóverslun B. Stefánssonar.
Reykjavík, Laugaveg 22 A.
Eigandi: Bjorgólfur Stefánsson.
Firmað stofnsett: 1917.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kvenréttindasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur